

# ÚTTEKT Á STARFSEMI


*Leikskólanum Sólvöllum á Seyðisfirði*

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

12. júní 2012

**ATTENTUS**  
mannauður & ráðgjöf

Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, Svava Bernhard  
Sigurjónsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum, fræðslunefnd og Skólaskrifstofu Austurlands fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík , 12. júní 2012

Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, Svava Bernhard Sigurjónsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir.

## Efnisyfirlit

<b>Samantekt á niðurstöðum.....</b>	<b>4</b>
<b>1. Inngangur.....</b>	<b>6</b>
1.1. Gagnaöflun.....	6
<b>2. Leikskólinn og umhverfi hans.....</b>	<b>7</b>
2.1. Helstu einkenni leikskólans .....	7
2.2. Skólafélag og áherslur sveitarfélagsins.....	7
2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans .....	8
2.4. Innleiðing laga og reglugerða.....	9
2.5. Húsnæði skólalóð og aðbúnaður.....	9
2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður .....	10
2.5.2. Viðbygging árið 2009.....	10
2.5.3. Skólalóð.....	11
2.5.4. Eftirlit, öryggi og slysavarnir .....	12
2.6. Mat úttektaraðila.....	13
<b>3. Stjórnun og rekstur.....</b>	<b>14</b>
3.1. Sameiginleg stjórn grunn- og leikskóla .....	14
3.2. Stjórnskipulag og skipurit.....	15
3.3. Starfsáætlun .....	17
3.4. Mat úttektaraðila.....	17
<b>4. Skólanámskrá leikskóla.....</b>	<b>18</b>
4.1. Skólanámskrá .....	18
4.2. Tengsl skólastiga .....	18
4.3. Mat úttektaraðila.....	19
<b>5. Mannauður .....</b>	<b>20</b>
5.1. Starfsþjálfun og símenntun .....	21
5.2. Fundir og boðskipti .....	21
5.3. Mat úttektaraðila.....	22
<b>6. Uppeldi, menntun og umönnun .....</b>	<b>23</b>
6.1. Nemendur .....	23
6.2. Dagskipulag leikskólans .....	23
6.3. Leikur og nám .....	24
6.4. Leikefni og efniviður .....	25
6.5. Líðan nemenda.....	25
6.6. Lýðræði og mannréttindi.....	26
6.7. Samskipti agi og hegðun. ....	26
6.8. Þróunarverkefni .....	27

6.9. Mat úttektaraðila.....	27
<b>7. Skólabragur og samskipti.....</b>	<b>29</b>
7.1. Starfsandi og samskipti.....	29
7.2. Jafnrétti.....	30
7.3. Þátttaka og áhrif.....	30
7.4. Einelti.....	31
7.5. Mat úttektaraðila.....	31
<b>8. Leiðarljós, grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla.....</b>	<b>32</b>
8.1. Samþætt og skapandi skólastarf.....	32
8.1.1. Heilbrigði og velferð.....	32
8.1.2. Sjálfbærni og vísindi.....	32
8.1.3. Sköpun og menning.....	33
8.1.4. Læsi og samskipti.....	33
8.2. Mat úttektaraðila.....	33
<b>9. Innra mat.....</b>	<b>34</b>
9.1. Mat úttektaraðila.....	34
<b>10. Foreldrasamstarf og ytri tengsl.....</b>	<b>35</b>
10.1. Foreldraráð.....	35
10.2. Foreldrafélag.....	35
10.3. Lýðræði og þátttaka.....	36
10.4. Samskipti heimilis og leikskólans, grenndarsamfélags.....	36
10.5. Mat úttektaraðila.....	37
<b>11. Sérkennsla barna og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.....</b>	<b>38</b>
11.1. Sérkennsla barna.....	38
11.2. Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.....	38
11.3. Mat úttektaraðila.....	39
<b>12. Mat og eftirlit sveitarfélagsins.....</b>	<b>40</b>
12.1. Mat úttektaraðila.....	40
<b>13. Niðurstöður höfunda.....</b>	<b>41</b>
13.1. Styrkleikar og veikleikar.....	41
13.2. Ógnanir og tækifæri.....	42
13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	43
<b>Heimildir.....</b>	<b>44</b>

## SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Sólvöllum á Seyðisfirði. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Lagt er mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins og gerð grein fyrir því hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum<sup>1</sup>. Sveitarfélagið taldi mikilvægt að fá mat á skólastarfið með það í huga að ekki yrði gengið á faglegan hluta þess eða rétt nemenda í hagræðingum vegna fjárhagsvanda Seyðisfjarðarkaupstaðar. Einnig að úttektin verði nýtt til að byggja undir kosti og galla við samrekstur grunn- og leikskóla<sup>2</sup>.

Leikskólinn Sólvellir er staðsettur á Seyðisfirði og tók til starfa árið 1974. Í leikskólanum eru 41 börn og 12 starfsmaður, allt konur, þ.a. 42% fagmenntaðir leikskólakennarar. Starfsmannavelta árið 2011 var engin, en þrír starfsmenn hafa verið ráðnir inn árið 2012. Deildirnar eru þrjár og yngstu börnin eru eins árs. Skólafélag sveitarfélagsins var samþykkt í janúar 2012 og tekur mið lögum um leikskóla. Leikskólinn starfar eftir opnu kerfi með áherslu á frjálsan leik barna. Hugmyndafræði, stefna og áhersluþættir leikskólans voru mótuð af starfsfólki en taka ekki mið af nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011. Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru að dregið hefur úr yfirvinnu, endurmenntun og innkaupum, opnunartími skertur svo og undirbúningstími starfsmanna.

Leikskólinn uppfyllir að flestu leyti lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað og kröfur starfsmanna, foreldra og barna. Húsnæði leikskólans er gott, sérstaklega starfsmannaaðstaða, að mati úttektaraðila hefði mátt taka meira tillit til þarfa barnanna í nýrri viðbyggingu. Nokkur óánægja er með skólalóð og öryggismál. Ekki liggja fyrir rýmingar- og viðbragðsáætlanir. Leikskólinn hefur ekki alltaf staðist fjárhagsáætlanir. Fræðslunefnd gegnir hlutverki sínu vel og heldur reglulega fundi, en auka má samvinnu milli nefndarinnar og skólastjórnenda. Sátt ríkir um stjórnun skólans, skólabragur er jákvæður og starfslýsingar fyrir flesta starfsmenn liggja fyrir. Starfsmannahandbók er til en hefur ekki verið kynnt starfsmönnum né formlega gefin út. Verkferlar eru nokkuð skýrir. Aðkoma almennra starfsmanna að stjórnun skólans er ekki mikil. Skriflegt mat um skólann er lítið, ekki eru til starfsáætlanir, ársskýrslur, sjálfsmatsskýrslur, eineltisáætlun, móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna eða innra mat. Ekki hefur verið lokið að fullu við skólanámskrá frá árinu 2009.

1 Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Sólvöllum og Seyðisfjarðarskóla á vormisseri 2012

2 Umsókn til mennta- og menningarmálatáðuneytisins um úttekt á leikskólanum Sólvöllum, 10. desember 2011

Tengsl milli skólastiga er gott, samstarf er við tónlistarskólann og elstu börnin fara á sundnámskeið. Símenntunaráætlun liggur ekki fyrir og endurmenntun starfsfólks er ekki mikil en starfsmannasamtöl fara fram á leikskólanum. Ekki liggur fyrir ferli um móttöku nýrra starfsmanna. Fundir og boðskipti er með ágætum en bæta má upplýsingaflæði á milli funda. Dagskipulag liggur fyrir og er almenn sátt um það innan leikskólans en foreldrar telja sig lítið upplýsta um það. Aðlögun barna hefur gengið vel. Námsmarkmið liggja ekki fyrir og agastefna er ekki samræmd. Vægi frjálsa leiksins er mjög mikið og foreldrar og starfsmenn óska eftir endurskoðun á því. Aðkoma barna að ákvarðanatöku innan leikskólans virðist ekki vera mikil. Vel er staðið að heilbrigði og velferð, áhersla er lögð á sköpun og menningu og markvissa málörvun. Innra og ytra mat á leikskólanum vantar sbr. lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Foreldraráð er ekki starfrækt í leikskólanum en foreldrafélag er virkt og stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum. Lítið samstarf er við grenndarsamfélagið. Foreldralýðræði er ekki talið mikið og óska þeir eftir meiri áhrifum, þátttöku og upplýsingum. Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Almenn ánægja er með sérfræðiþjónustuna en nokkur óánægja með hvað greiningar taka langan tíma. Auka má samstarf við sérkennara. Samstarf er við heilsugæsluna.

Lagt er til að sveitarfélagið tryggi að innra og ytra mat fari fram og leikskólinn skili ársskýrslu. Finna þarf leiðir til að koma í veg fyrir frekari niðurskurð til að tryggja faglegt starf, endurmenntun kennara og endurskoðun skólanámskrár. Fylgja þarf betur eftir að leikskólinn geri áætlanir s.s. eineltisáætlun, rýmingaráætlun og móttökuáætlanir. Tryggja þarf eðlilegt eftirlit með húsnæði og skólalóð. Auka má samvinnu og samráð við fulltrúa sveitarfélagsins.

Óskað var sérstaklega eftir að úttektaraðilar skoðuðu sameiningu leik- og grunnskólans. Stjórnun skólanna var sameinuð árið 2008 og gekk hún ekki upp sem skyldi. Að mati úttektaraðila er mikilvægt, ef sveitarfélagið íhugar að endurskoða ákvörðun sína og sameina skólana að nýju, að undirbúa ferlið betur og fá helstu hagsmunaaðila að borðinu frá upphafi.

Leikskólinn er hvattur til að endurskoða stefnu sína og kynna og gera skólanámskrá út frá aðalnámskrá 2011, lögum og reglugerðum með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins. Auka þarf aðkomu almennra starfsmanna að skólastarfinu og koma í veg fyrir stéttaskiptingu. Framkvæma þarf inna mat á leikskólanum, útbúa skriflegar skýrslur og áætlanir. Auka þarf aðkomu barna að ákvarðanatöku innan leikskólans. Stofna þarf foreldraráð, auka lýðræði og þátttöku foreldra og laga tölvukost.

## 1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Sólvöllum á Seyðisfirði. Úttektin er gerð á grundvelli *20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008* og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er m.a. lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum og samrekstur grunn- og leikskóla<sup>3</sup>.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina<sup>4</sup>. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Sólvöllum og niðurstöðum úttektarinnar, styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum er samantekt á niðurstöðum og tillögur til úrbóta.

### 1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennara, tvo deildarstjóra, einn kennara, þrjú starfsmenn, sex börn og fimm foreldra. Þá var fundað með sex fulltrúum fræðslunefndar, bæjarstjóra og tveimur fulltrúum frá Skólaskrifstofu Austurlands. Alls var rætt við 29 einstaklinga. Leikskólinn var heimsóttur tvisvar sinnum og húsnæði og lóð skoðuð. Markmiðið með viðtölum, vettvangsskoðun og rýnihópum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi leikskólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Óskað var eftir gögnum frá leikskólanum í samræmi við efnisyfirlit skýrslu og fékk leikskólastjóri gátlista til að styðjast við. Gögn voru misjöfn að gæðum. Auk ofangreindra þátta byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

<sup>3</sup> Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Sólvöllum og Seyðisfjarðarskóla á vormisseri 2012

<sup>4</sup> Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Sólvöllum og Seyðisfjarðarskóla á vormisseri 2012

## 2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS

---

Leikskólinn Sólvellir er staðsettur við Garðarsveg 1 á Seyðisfirði. Hann tók til starfa árið 1974. Byggt hefur verið við húsnæðið á tímabilinu, síðast árið 2009. Kvenfélag Seyðisfjarðar og bæjarsjóður sáu um rekstur leikskólans til ársins 1980 en þá tók bæjarsjóður alfarið yfir rekstur hans. Aðkoma Kvenfélags Seyðisfjarðar að rekstri leikskólans fólst aðallega í ráðningum starfsmanna og öflun leikefnis. Þrátt fyrir að bæjarsjóður hafi tekið yfir allan rekstur leikskólans eru aðgerðir kvenfélagsins enn í heiðri hafðar þar á meðal greniskreytingardagur og jólasveinaútgæð<sup>5</sup>.

### 2.1. Helstu einkenni leikskólans

Sólvellir er þriggja deilda leikskóli og heita deildirnar Vinaminni, Álfhóll og Dvergsteinn. Nemendur eru alls 41. Við leikskólann starfa 12 starfsmenn þar af fimm leikskólakennarar, sex leiðbeinendur og einn starfsmaður er í eldhúsi og þrifum. Ekki er karlmaður í starfsmannahópnum. Fjölbreytt náttúra er í nánasta umhverfi Sólvalla, stutt er í móa, trjálundi, fjöru o.fl. Stórt tún er austanmegin við leikskólann og vestan megin er grasvöllur. Íþróttahús, bókasafn, kirkja og heilsugæsla eru í stuttri fjarlægð frá leikskólanum<sup>6</sup>.

### 2.2. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Sveitarfélagið er með sérstaka skólastefnu, starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu<sup>7</sup>. Að sögn fulltrúa fræðslunefndar er ekki tengsl milli skólastefnu sveitarfélagsins og stefnu leikskólans þar sem skólastefna sveitarfélagsins var samþykkt í janúar 2012 og fyrri stefna þess frá árinu 2010 átti ekki við leikskólastigið<sup>8</sup>.

Skipaður var fjögurra manna stýrihópur til að vinna að endurskoðuninni, í honum voru skólastjóri, þá grunn- og leikskóla, ásamt formanni fræðslunefndar, fulltrúa úr nefndinni og starfsmanni hennar. Drög að skólastefnunni voru lögð til umsagnar fyrir starfsfólk beggja skólastiga, skólaráð grunnskólans og foreldrafélag leikskólans ásamt starfsfólki tónlistarskólans. Í stefnunni kemur fram að tekið var tillit til athugasemda þessara aðila við gerð stefnunnar<sup>9</sup>. Skólastefnunni er ætlað að taka til allra þátta í uppeldis- og skólastarfi kaupstaðarins ásamt því að skapa málaflokknum framtíðarsýn til ársins 2014. Meginþættir stefnunnar eru eftirfarandi<sup>10</sup>:

---

<sup>5</sup> Saga skólans af vefsíðu Sólvalla

<sup>6</sup> Gögn fra leikskólastjórnendum skólans 8. maí 2012

<sup>7</sup> Starfsmannastefna, jafnréttisstefna og skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar

<sup>8</sup> Fundur með fulltrúum fræðslunefndar sveitarfélagsins

<sup>9</sup> Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 2

<sup>10</sup> Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 3



- *Í skólum sveitarfélagsins verði veitt heildstæð grunnenntun*
- *Samstarf allra skóla og skólastiga*
- *Samstarf skólanna við nærsamfélagið*
- *Virk tengsl og sameiginleg ábyrgð heimila og skóla*
- *Bæjarbúar hafi möguleika til að stunda framhalds- og háskólanám í heimabyggð*
- *Jafnræði í aðgengi að námi og tengdri þjónustu*
- *Einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir*
- *Skóla- og æskulýðsstarf miði að því að temja ungum sem öldnum heilbrigðan lífsstíl*
- *Starfsfólk upplifi starfsánægju, fái hvatningu og tækifæri til þess að auka færni sína í starfi*
- *Nemendum og starfsfólki verði tryggt heilnæmt starfsumhverfi og búnaður sem samræmist þörfum viðkomandi skólastarfs*
- *Nánasta umhverfi verði nýtt til kennslu*

Skólastefnan er tvíþætt, annars vegar sameiginleg markmið sem eiga við öll skólastig, þ.e. leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hins vegar umfjöllun um starf hvers skólastigs fyrir sig. Sameiginleg markmið skólastiganna sem sett eru fram í stefnunni eru *velferð nemenda, starfsfólk, húsnæði, aðstaða og búnaður, samvinna og tengsl milli skóla, tengsl við umhverfið og grenndarsamfélagið, samstarf og samábyrgð heimilis og skóla og uppeldisstarf og lýðheilsa*<sup>11</sup>. Ennfremur eru settar fram leiðir að sameiginlegum markmiðum<sup>12</sup>. Að sögn fulltrúa fræðslunefndar kom beiðni frá bæjarráði um að skólastefnan yrði endurskoðuð þar sem hún var áður eingöngu miðuð við grunnskólastigið.<sup>13</sup>

### 2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans

Sólvellir starfa eftir opnu kerfi með áherslu á frjálsan leik barna. Kerfið var innleitt árið 2000. Stefna leikskólans var mótuð af starfsmönnum hans í samvinnu við annan leikskóla sem starfar eftir sama kerfi. Frá innleiðingu hefur kerfið verið þróað og aðlagð að starfsemi leikskólans hverju sinni. Uppeldisáherslur skólans eru *að virða sjálfsákvörðunarrétt barnanna, að virða frjálsan leik barna og líta á frjálsan leik sem kjarna uppeldisstarfsins*. Þessir áherslupunktur gera það að verkum að ekki er unnið samkvæmt hefðbundinni skipulagðri dagskrá.

Í samræmi við aðferðir opna kerfisins hafa verið sett upp leiksvæði innan leikskólans. Markmiðið með þessum svæðum er *að skapa börnum skilyrði sem gera þau færari um að hafa frumkvæði og efla sköpunarþörf og ímyndunarafli, sem gerir þau sjálfstæðari bæði í leik*

<sup>11</sup> Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 2

<sup>12</sup> Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar, bls. 4 - 10

<sup>13</sup> Fundur með fulltrúum fræðslunefndar

og starfi. Svæðin eru eftirfarandi: Byggingasvæði, hlutverkasvæði, rólegt svæði, listasvæði, fínhreyfingasvæði, útisvæði. Áður var einnig tölvusvæði en þær tölvur sem leikskólinn hafði til umráða eru, að sögn stjórnenda bilaðar<sup>14</sup>. Jafnframt er lögð áhersla á að börnin læri að leysa úr deilum og ræktun vináttu<sup>15</sup>. Lögð er áhersla á að starfsfólk sé til staðar, láti þau sjálf hafa sem mest frumkvæði en veiti aðstoð ef þarf. Stefna leikskólans hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 né skólafélagssins<sup>16</sup>.

Að sögn deildarstjóra og leikskólakennara eru þeir upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur leikskólans og hún hafi verið endurskoðuð reglulega og breytt eftir þörfum.<sup>17</sup> Starfsmenn benda á að betra sé að vinna eftir opna kerfinu heldur en í ofurskipulögðu kerfi.<sup>18</sup> Stefna leikskólans er ekki endurskoðuð reglulega að sögn leikskólustjóra en farið er yfir hana með nýju starfsfólki.<sup>19</sup> Að sögn starfsmanna hafa þeir ekki komið að endurskoðun á hugmyndafræði og stefnu Sólvalla.<sup>20</sup>

## 2.4. Innleiðing laga og reglugerða

Að sögn skólustjórna er óljóst hvort lög um leikskóla frá árinu 2008 og reglugerðir hafi verið innleiddar og þeir hafi þ.a.l. ekki fundið fyrir breytingum í kjölfar þeirra<sup>21</sup>. Allir starfsmenn leikskólans segja að niðurskurður hafi komið fram á leikskólanum í kjölfar efnahagshrunsins. Yfirvinna hafi dregist saman ásamt endurmenntun og innkaupum.<sup>22</sup> Að sögn foreldra var opnunartími leikskólans skertur, hann loki nú kl. 16:15 en hafi áður verið opin til klukkan 17:00 og að gjaldskrá hafi einnig hækkað.<sup>23</sup> Niðurskurður hefur bitnað minna á leikskólanum en öðrum að sögn fræðslunefndar. Hann hafi verið í nokkuð góðri stöðu fyrir hrun. Faglega starfið sé nægilega mannað en einna helst sé undirbúningstími af skornum skammti. Þeir benda á að enn sé verið að glíma við háan kostnað.<sup>24</sup>

## 2.5. Húsnæði skólalóð og aðbúnaður

*Samkvæmt 12. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuástöðu starfsfólks<sup>25</sup>.*

14 Fundur með leikskólustjórnendum

15 Foreldrahandbók Sólvalla

16 Greinargerð leikskólustjóra um stefnu skólans.

17 Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara

18 Rýnihópur starfsmanna

19 Rýnihópur skólustjórna

20 Rýnihópur starfsmanna

21 Rýnihópur skólustjórna

22 Rýnihópar allra starfsmanna leikskólans

23 Rýnihópur foreldra

24 Rýnihópur fræðslunefnd

25 Lög um leikskóla nr. 90/2008,12.gr.

### 2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður

Sólvellir er þriggja deilda leikskóli sem byggður var árið 1974. Húsnæði skólans er 534,8 m<sup>2</sup>. Húsið var hannað hjá teiknistofunni Staðli. Árið 2009 var byggð álma með aðstöðu fyrir starfsfólk sérkennslu og eldhús leikskólans. Það ár voru gerðar breytingar á eldra húsnæði og þriðja deild leikskólans tekin í notkun. Þegar leikskólinn var opnaður í upphafi var hann ekki fullgerður innandyra. Efnit var til samkeppni um nafn á leikskólann og var nafnið Sólvellir fyrir valinu.<sup>26</sup>

Að sögn skólastjórnenda varð mikil breyting á húsnæði skólans þegar byggt var við hann árið 2009 og mætir hann þeirra kröfum vel í dag. Helst benda þeir á að salernisaðstaða barnanna gæti verið betri en þrjú salerni eru fyrir börnin í einu rými með skilrúmi á milli en básarnir eru að öðru leiti opnir<sup>27</sup>. Að sögn starfsmanna eru þeir með mjög góða starfsmannaádstöðu en rými vanti fyrir börnin, búið sé að útbúa deild þar sem áður var eldhús og kaffistofa „*Við erum með 10 börn þarna og það er í það mesta*“. Gæði húsnæðis fyrir börnin hafi ekki aukist nægilega mikið við breytingarnar.<sup>28</sup> Foreldrar telja að rými yngstu barna mætti vera meira og svo vanti sal.<sup>29</sup> Ekki hafa verið lagðar fyrir kannanir á viðhorfi starfsfólks og foreldra til húsnæðis og aðbúnaðar.

### 2.5.2. Viðbygging árið 2009

Samkvæmt fundargerð bæjarráðs frá 4. júní 2008 var samþykkt „*að fela bærstjóra að láta teikna viðbyggingu við húsið sem leysi til nánustu framtíðar húsnæðisþrengingar leikskólans*“<sup>30</sup>. Í fundargerð ráðsins frá 23. júní 2008 segir að *ýmis mál hafi verið rædd varðandi þær framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar í húsnæðismálum leikskólans*. Jafnframt kemur fram að þáverandi leikskólastjórnendur hafi verið viðstaddir þá umræðu<sup>31</sup>. Í fundargerð bæjarráðs frá 2. júlí 2008 kemur fram að bærstjóri kynni drög að teikningum á nýrri álmu við leikskólann<sup>32</sup>. Ennfremur kemur fram að drögin hafi verið tekin fyrir á starfsmannafundi þann 24. júní 2008 og á fagfundi 26. júní 2008. Aðilar fagfundarins, stjórnendur, deildarstjórar og leikskólakennarar, skiluðu álit sínu degi síðar þar sem kemur fram eftirfarandi:

*Í kjölfar fyrrgreindra funda álykta undirritaðir að byggingin sé vel til þess fallinn að mæta bæði þörf leikskólans fyrir auknið leikrými fyrir börn og betri starfsaðstöðu starfsmanna í leikskólanum. Teikningarnar hafa því fengið jákvæðan hljómgrunn í okkar hópi sem og í starfsmannahópi leikskólans.*

<sup>26</sup> Greinargerð leikskólastjórnenda

<sup>27</sup> Rýnihópur skólastjórnenda

<sup>28</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>29</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>30</sup> Fundargerð bæjarráðs 4. júní 2008

<sup>31</sup> Fundargerð bæjarráðs 23. júní 2008

<sup>32</sup> Fundargerð bæjarráðs 2. júlí 2008

Einn aðili fagfundarins skilaði séráliti þar sem hann var ekki sammála að stjórnendaálma væri byggð við leikskólann þar sem brýnna lægi á aðstöðu fyrir börnin sjálf. Í kjölfar umræðunnar álíktar bæjarráð eftirfarandi:

*Bæjarráð þakkar starfsmönnum leikskólans fyrir skjót og góð viðbrögð og telur jafnframt að þó að málið hafi haft skjóta framgöngu, þá þurfi líka að bregðast hratt við ef leysa eigi húsnæðisvanda leikskólans í vetur. Álit einstakra starfsmanna verði að liggja milli hluta og því samþykkir bæjarráð þau teikningadrög sem nú liggja fyrir. Bæjarstjóra falið að kynna málið fyrir fræðslumálaráði og starfsmönnum leikskólans, áður en endanlegar teikningar verða gerðar...*

Árið 2009 var tekin í notkun ný stjórnunarálma sem byggð var við húsnæði leikskólans, en fyrri aðstöðu starfsmanna var breytt í deild fyrir yngstu börn leikskólans. Fram kom í viðtölum við starfsfólk leikskólans, foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins mismunandi afstaða til viðbyggingarinnar og hvernig staðið var að ákvörðun um hana á sínum tíma. Fram kom í rýnihópi almennra starfsmanna að þeir hafi ekki átt að tjá sig um viðbygginguna og viðhorf einstakra starfsmanna hafi verið ráðandi í álit starfsmanna til bæjarráðs<sup>33</sup>. Að sögn stjórnenda, starfsmanna, varaformanns fræðslunefndar og bæjarstjóra vita þeir ekki til þess að kannanir um þarfir leikskólans hafi verið lagðar fyrir vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar<sup>34</sup>. Að sögn bæjarstjóra er ekki annað að sjá af fundagerðum bæjarráðs en að viðbygging hafi verið undirbúin af fyrri bæjarstjóra og í ákvörðun um hana geti hafa skort samráð við foreldra og aðra aðila<sup>35</sup>.

### 2.5.3. Skólalóð

Lóð skólans er 1496m<sup>2</sup> og hönnuð af leikvallaarkitekt. Þegar leikskólinn var upphaflega opnaður árið 1974 var lóð hans fullgerð. Lóð leikskólans var tekin í gegn sumarið 2009 og steipt stétt í garðinn. Gróinn hóll er í miðjum garðinum og lítill grasflötur þar sem hægt er að vera í fótbolta. Sandkassi er yfirbyggður. Önnur svæði lóðarinnar eru með sandi. Nokkur leiktæki eru í garðinum m.a. lítill pallur með leikkofa sem þarfnast lagfæringar<sup>36</sup>. Að sögn deildarstjóra og leikskólakennara koma allir starfsmenn árlega að því að gera lista með tillögum um það sem bæta þarf og er hann sendur til bæjarráðs.<sup>37</sup> Starfsmenn og foreldrar benda á að laga þurfi girðingar, börnin geti klifrað yfir þær og skrúfur og naglar standi út.<sup>38</sup> „Skólalóðin er varla barnheld og börnin komast auðveldlega út. Þegar það eru skaflar þá geta

<sup>33</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>34</sup> Fundur með leikskólastjórnendum, rýnihópur starfsmanna, fundur með starfandi formanni fræðslunefndar, símafundur með bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar.

<sup>35</sup> Símafundur með bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar

<sup>36</sup> Greinargerð leikskólastjórnenda

<sup>37</sup> Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara

<sup>38</sup> Rýnihópar starfsmanna og foreldra

*börnin bara labbað yfir girðingarnar*<sup>39</sup> Ekki eru gerðar kannanir á viðhorfi starfsfólks og foreldra til skólalóðar og aðbúnaðar á henni.<sup>40</sup>

#### 2.5.4. Eftirlit, öryggi og slysavarnir

Eftirlitsheimsókn vinnueftirlitsins fór fram í leikskólanum í október 2011. Aðeins eru tvær athugasemdir sem leikskólinn fær í skýrslunni en þær snúa báðar að vinnuáðstöðu starfsmanna, annars vegar við bleiuskipti og hins vegar við notkun uppþvottavélar<sup>41</sup>. Reglubundið eftirlit á vegum heilbrigðiseftirlits Austurlands fór fram í nóvember 2011 og þarf leikskólinn að bæta úr atriðum eins og loftræstingu, þrífalýsingu, viðhald á leiktækjum, loka rafmagnstöflu og fl.<sup>42</sup>

Árleg aðalskoðun leiksvæðis leikskólans var framkvæmd af BSI í júlí 2011. Fram komu tilmæli um lagfæringar á nokkrum atriðum. Talsverð áhætta var metin af skorti á töppum í kastala, við klifurgrind og hringekju vantaði tappa, undirlag og viðhald og undirlag vantaði við rólu. Miðlungsáhætta var metin á klemmihættu á hliði. Önnur atriði féllu undir lágmarksáhættu. Úttektaraðili mælti með að með öllum tækjum sem keypt yrðu fylgi staðfesting á gildri vottun um að þau uppfylli kröfur til hönnunar leikvalla og leiksvæða samkvæmt skilgreiningu EN 1176 og reglugerðar nr. 942/2002. Einnig að tryggt sé að leiðbeiningum um uppsetningu og merkingu leiktækja sé fylgt. Sömu tilmæli eru í skýrslu úttektaraðila frá árinu 2010. Mikill meirihluti athugasemda úttektaraðila frá árinu 2010 kom aftur fram í skýrslu árið 2011<sup>43</sup>.

Leikskólinn hefur yfir að búa drögum að rýmingar- og viðbragðsáætlun í tengslum við bruna. Í áætluninni er greint frá fyrstu viðbrögðum, notkun nafnalista og slökkvitækja ásamt sérstakri rýmingaráætlun hverrar deildar fyrir sig. Þar er greint frá ábyrgðarsvæði, útgönguleiðum og ábyrgð starfsmanna<sup>44</sup>. Ennfremur fer leikskólinn eftir viðbragðsáætlun almannaavarna sem útfærð hefur verið með tilliti til leikskólans<sup>45</sup>. Að sögn skólastjórnenda er ekki búið að klára rýmingar- viðbragðsáætlanir eftir að húsnæði leikskólans var breytt. Þær eru þ.a.l. ekki sýnilegar á deildum og ekki er búið að kynna þær fyrir starfsmönnum og börnum. Haldin var brunaæfing með starfsmönnum síðasta vetur en nemendur leikskólans tóku ekki þátt.<sup>46</sup> Að sögn bæjarstjóra í samtali við slökkviliðsstjóra, hjá Brunavörnum á Austurlandi, kom fram að ástand brunavarna hafi batnað með tilkomu viðbyggingar<sup>47</sup>.

39 Rýnihópur foreldra

40 Rýnihópar allra starfsmanna og foreldra

41 Eftirlitsskýrsla vinnueftirlitsins

42 Reglubundið eftirlit heilbrigðisstofnunar Austurlands

43 Skýrsla um árlega skoðun leiksvæðis

44 Rýmingar- og viðbragðsáætlun

45 Viðbragðsáætlun Almannaavarna: Leikskólinn Sólvellir

46 Rýnihópur skólastjórnenda

47 Athugasemdir bæjarstjóra maí 2012

Elstu nemendur leikskólans eru að vinna að verkefni um öryggi og eftirlit í skólahóp.<sup>48</sup> Fræðslunefnd er að sögn að skoða allar menntastofnanir og kalla eftir skýrslum frá eftirlitsaðilum.<sup>49</sup> Ekki eru til skriflegir verkferlar ef slys ber að höndum í leikskólanum en þeir eru í starfsmannahandbók sem enn er í vinnslu að sögn leikskólustjóra. Allir starfsmenn leikskólans fóru á skyndihjálpanámskeið árið 2011.<sup>50</sup> Að sögn starfsmanna þurfa þeir að nota eigin sannfæringu og gott væri að fá skriflega verkferla og samræmdar áætlanir.<sup>51</sup>

## 2.6. Mat úttektaraðila

- Skólafélagið var samþykkt í janúar 2012. Hugmyndafræði, stefna og áhersluþættir leikskólans voru skráðir árið 2000 og taka því ekki mið af nýrri aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur leikskólans til að auka þátttöku starfsfólks og helstu hagsmunaaðila við endurskoðun á hugmyndafræði og stefnu leikskólans og tengja þá vinnu við nýja aðalnámskrá.
- Óljóst er hvort lög um leikskóla frá árinu 2008 og reglugerðir hafi verið innleiddar. Að mati úttektaraðila þurfa stjórnendur að rýna lög og reglugerðir betur ásamt því að tryggja að þeim sé framfylgt.
- Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru að dregið hefur úr yfirvinnu, endurmenntun og innkaupum, opnunartími skertur og undirbúningstíma starfsmanna. Mikilvægt er að hagræðingaraðgerðir vegna fjárhagsvanda Seyðisfjarðarkaupstaðar dragi ekki meira úr faglegum hluta leikskólans eða rétti nemenda.
- Leikskólinn uppfyllir að flestu leyti lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað og kröfum starfsmanna, foreldra og barna. Að mati úttektaraðila er húsnæði leikskólans gott, sérstaklega starfsmannaaðstaða, en þarf barnanna hafa ekki verið í forgangi við framkvæmd viðbyggingar. Nokkur óánægja er með skólalóð og þarf að bæta úr því og fylgja eftir athugasemdum eftirlitsaðila.
- Ekki liggja fyrir rýmingar- og viðbragðsáætlanir. Brunaæfingar hafa verið haldnar með starfsfólki en ekki börnum. Hvetja úttektaraðilar til þess að bætt verði úr þessu.

---

48 Rýnihópur skólastjórnenda

49 Rýnihópur fræðslunefnd

50 Rýnihópur leikskólustjóri

51 Rýnihópur starfsmanna

### 3. STJÓRNUN OG REKSTUR

*Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraradila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraradila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu<sup>52</sup>. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólalahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðihjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólalahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.<sup>53</sup>*

Rekstraradili leikskólans Sólvalla er Seyðisfjarðarkaupstaður. Á vegum þeirra starfar fræðslunefnd og heyrir hún undir Bæjarstjórn og Bæjarráð. Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verkswiði nefndarinnar: Leikskóli, grunnskóli, og tónlistarskóli. Þá fer nefndin með jafnréttismál. Í fræðslunefnd eiga sæti 5 kjörnir fulltrúar, þar eiga rétt til setu leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, fulltrúi starfsmanna og fulltrúi foreldra. Fræðslunefnd hefur umsjón með þeim stofnunum sem undir nefndina heyra og skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan ramma laga.

Leikskólastjóri hóf störf í mars 2012 en var áður aðstoðarleikskólastjóri. Samkvæmt bæjarstjóra hefur leikskólinn ekki staðist fjárhagsáætlanir<sup>54</sup>. Að sögn stjórnenda skólans hafa verið gerðar athugasemdir um yfirvinnu og launakostnað en það er, að sögn stjórnenda, ekki hægt að laga. Stjórnendur gera, að þeirra sögn, bæjaryfirvöldum grein fyrir starfinu á fundum fræðslunefndar. Samkvæmt þeim er samvinna við bæjaryfirvöld þökkaleg en ávallt sé verið að deila um fjármagn. Ennfremur benda þeir á að bæjarstjórn hafi ekki heimsótt leikskólann og að þeir hafi komið þeirri gagnrýni á framfæri við bæjaryfirvöld<sup>55</sup>.

#### 3.1. Sameiginleg stjórn grunn- og leikskóla

Árið 2008 tók skólastjóri Seyðisfjarðarskóla við stjórn leikskólans Sólvalla. Ástæða þess er að sögn fræðslunefndar sveitarfélagsins að enginn innan leikskólans vildi taka að sér stjórnun hans. Starfsemi skólanna tveggja var þó ekki sameinuð heldur var aðeins um sameiginlega stjórnun að ræða<sup>56</sup>. Um áramótin 2011/2012 lét skólastjóri grunnskólans að störfum sem leikskólastjóri Sólvalla eftir að hafa óskað eftir því sjálfur. Að sögn skólastjóra var sameiginleg stjórn skólanna ekki að skila þeim ávinningi sem átti í upphafi en hugmyndin hafi verið að reyna að tengja skólana betur saman en skort hefði undirbúning<sup>57</sup>. Að sögn

<sup>52</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 5. gr. 2. mgr.

<sup>53</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 4 gr. 1. mgr.

<sup>54</sup> Fundur með bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar og fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands

<sup>55</sup> Fundur með leikskólastjórnendum

<sup>56</sup> Fundur með fulltrúum fræðslunefndar

<sup>57</sup> Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

bæjarstjóra kom honum og fulltrúum í bæjarráði á óvart að fjárhagslega hagstæðara var að reka skólana án sameiginlegrar stjórnar<sup>58</sup>. Þegar starfsmenn grunnskólans voru spurðir um viðhorf til sameiningar virtist það almennt jákvætt m.a. vegna fækkunar barna<sup>59</sup>.

Að sögn stjórnenda leikskólans var hlutverk stjórnenda ekki nógu skýrt og hafði það áhrif á faglega þróun innan leikskólans<sup>60</sup>. Þegar starfsmenn voru spurðir um viðhorf til sameiningar kom fram að kostir hennar væru m.a. aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra sem starfaði jafnframt að hluta til inni á deild. Að þeirra mati voru ókostirnir við sameiningu lítil viðvera skólastjóra inn á leikskólanum, lítil þátttaka eða þekking skólastjóra á starfi leikskólans, langar boðleiðir, starfsmenn upplifðu stofnanirnar sem aðskildar og ekkert samstarf hafi verið milli skólanna umfram það sem áður var<sup>61</sup>.

Að sögn foreldra barna á leikskólanum var sameiginleg stjórn skólanna ekki að ganga sem skyldi, ekki hafi verið sátt um samrekstur og óljóst hafi verið hvert átti að leita með ákveðin mál<sup>62</sup>. Fyrrverandi skólastjóri leik- og grunnskóla segir mikilvægt að slíkum athugasemdum hefði verið komið á framfæri við stjórnendur eða bæjaryfirvöld<sup>63</sup>. Í viðtölum við starfsmenn og stjórnendur beggja stofnana kom fram það viðhorf að ef til sameiningar kæmi aftur þyrfti að vera staðið betur að henni m.a. í tengslum við undirbúning, hlutverk stjórnenda betur skilgreind og rekstur stofnana sameinaður en ekki aðeins stjórn hans<sup>64,65</sup>.

### 3.2. Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit og starfslýsingar starfsmanna eru til í starfsmannahandbók leikskólans, en hún hefur ekki verið kynnt starfsmönnum né gefin út. Í skipuriti leikskólans er kveðið á um að leikskólastjóri sé yfirmaður leikskólans og beri ábyrgð á kennslu- og uppeldisstarfi sem og rekstri. Aðstoðarleikskólastjóri ber ásamt leikskólastjóra ábyrgð á rekstri leikskólans og er staðgengill hans. Ábyrgðarskipting stjórnenda er skýr og birtist hún í starfslýsingum beggja. Í starfslýsingum þeirra er tilgreint meginverkefni hvors fyrir sig með tilliti til stjórnunar og skipulagningar, uppeldis og menntunar, foreldrasamstarfs og annarra sviða<sup>66</sup>. Að sögn leikskólastjórnenda eru hlutverk starfsmanna og verkaskipting skýr. Starfslýsingar séu til fyrir alla starfsmenn nema leiðbeinendur og þurfi að skoða það.<sup>67</sup> Starfsmenn benda á að ekki séu til starfslýsingar fyrir leiðbeinendur en á hverri deild séu upplýsingar um daglegt starf og til hvers sé ætlast af þeim<sup>68</sup>

58 Fundur með bæjarstjóra og fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands

59 Rýnihópur kennar og rýnihópur starfsmanna

60 Fundur með leikskólastjórnendum leikskóla

61 Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildastjórum og kennurum, rýnihópur starfsmanna.

62 Rýnihópur foreldra

63 Athugasemdir grunnskólastjóra maí 2012

64 Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með fag- og árgangastjórum, rýnihópur kennara, rýnihópur starfsmanna

65 Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildarstjórum og kennurum, rýnihópur starfsmanna

66 Starfslýsingar í starfsmannahandbók

67 Rýnihópur skólastjórnenda

68 Rýnihópur starfsmanna



Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldi og kennslu nemenda og nemendahópnum á sinni deild. Eins ber hann ábyrgð á foreldrasamvinnu á deildinni. Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinna undir stjórn deildarstjóra að uppeldi og menntun nemenda. Starfsmaður í eldhúsi ber ábyrgð á matargerð, innkaupum og matseðlum og afleysingafólk leysir af vegna fría og í undirbúningstímum.<sup>69</sup> Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hittast vikulega á fundum. Að sögn þeirra hafa starfsmenn greiðan aðgang að þeim en einnig sé notast við upplýsingatöflu til að koma skilaboðum til starfsmanna. Jafnframt heimsækir leikskólastjóri, að hans sögn, deildir leikskólans reglulega.<sup>70</sup> Í stjórnendateymi skólans eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri sem einnig starfar sem deildarstjóri og tveir aðrir deildarstjórar. Að sögn stjórnenda hentar stjórnskipulag leikskólans stærð hans og verkefnum. Einnig að skipurit hans endurspegli sérstöðu skólans og sé eðlilegt miðað við stærð<sup>71</sup>. Að sögn stjórnenda, deildarstjóra og kennara er almenn sátt um stjórnun leikskólans<sup>72</sup>.

Að sögn stjórnenda er sátt innan skólans um aðkomu starfsfólks að stjórnun skólastarfsins. Þeir segja að fagfundir séu ætlaðir fagmenntuðum starfsmönnum leikskólans til að leggja línuna fyrir heildina en á deildafundum sé farið yfir starf hverrar deildar fyrir sig og þar komi allir starfsmenn að<sup>73</sup>. Að sögn deildarstjóra og kennara er yfirleitt sátt um aðkomu þeirra að stjórnun. Að þeirra sögn er „*Allt lagt undir okkur*“<sup>74</sup>. Að sögn starfsmanna geta þeir komið sýnum skoðunum á framfæri og stundum sé tekið tillit til þeirra, „*Þegar maður er búinn að vinna sér inn smá rétt þá er hlustað á mann, stundum upplifir maður að fái engu framgengt*“<sup>75</sup>.

Ákvarðanatataka innan leikskólans er skilvirk að mati stjórnenda, deildarstjóra og kennara<sup>76</sup>. Að sögn starfsmanna er það misjafnt hversu skilvirk ákvarðanatataka innan skólans sé en skortur hafi verið á eftirfylgni<sup>77</sup>. Að sögn stjórnenda, deildarstjóra, kennara og starfsmanna er aðkoma barna að ákvarðanatöku innan skólans bundin við daglegt starf hans, t.d. tímasetningu útiveru, skipulagi á afmælisdaginn sinn og vali í leik yfir daginn. Verkerlar leikskólans eru skýrir að sögn stjórnenda, deildarstjóra, kennara og starfsmanna<sup>78</sup>. Ekki eru til viðhorfskannanir er lúta að stjórnun<sup>79</sup>.

69 Starfslýsing leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

70 Fundur með stjórnendum

71 Fundur með leikskólastjórnendum

72 Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildastjórum og kennurum

73 Fundur með leikskólastjórnendum

74 Fundur með deildarstjórum og kennurum

75 Rýnihópur starfsmanna

76 Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildastjórum og kennurum

77 Rýnihópur starfsmanna

78 Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildarstjórum og kennurum, rýnihópur starfsmanna

79 Fundur með leikskólastjórnendum

### 3.3. Starfsáætlun

*Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans<sup>80</sup>*

Samkvæmt stjórnendum og fulltrúum sveitarfélagsins þá hefur ekki verið gefin út starfsáætlun/ársáætlun á leikskólanum né ársskýrslu skilað til sveitarfélagsins<sup>81</sup>. Þó nefna stjórnendur að farið hafi verið yfir starfsemi skólans munnlega á fundi með fræðslunefnd<sup>82</sup>.

### 3.4. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn hefur ekki alltaf staðist fjárhagsáætlanir og hefur sveitarfélagið gert athugasemdir við háan launakostnað og yfirvinnu. Úttektaraðilar hvetja sveitarfélagið og leikskólann til betri samvinnu, t.d. með heimsóknum og samráði.
- Fræðslunefnd hefur gegnt hlutverki sínu vel. Nefndin heldur reglulega fundi, hefur sérstakan starfsmann á sínum vegum og hefur fjallað um fjölmörg mál og beitt sér sérstaklega fyrir auknu eftirliti á húsnaði skólans.
- Óskað var sérstaklega eftir að úttektaraðilar skoðuðu sameiningu leik- og grunnskólans, sjá ofar í skýrslunni. Stjórnun skólanna var sameinuð árið 2008 og gekk það ekki upp að mati aðila í rýnihópum. Skilgreina hefði þurft betur hlutverk stjórnenda og rekstur við sameininguna, en ekki aðeins stjórnun hans. Ef sveitarfélagið íhugar að endurskoða ákvörðun sína og sameina að nýju leik- og grunnskólann, þá er mikilvægt að undirbúa ferlið betur og fá helstu hagsmunaaðila, s.s. foreldra, starfsmenn og nemendur að borðinu.
- Sátt ríkir um skipurit leikskólans sem er í starfsmannahandbók ásamt starfslýsingum að undanskildum starfslýsingum leiðbeinenda. Hún hefur ekki verið kynnt fyrir starfsfólki. Að mati úttektaraðila þarf að útbúa til starfslýsingar fyrir leiðbeinendur ásamt því að klára og kynna starfsmannahandbók hið fyrsta. Verkferlar leikskólans eru nokkuð skýrir.
- Aðkoma deildarstjóra að stjórnun skólastarfsins er nokkur og ríkir sátt um hana. Aðkoma almennra starfsmanna að stjórnun skólastarfsins er ekki mikil, þeir telja að hlutirnir séu bornir undir þá en ákveðin stéttaskipting ríki innan leikskólans.
- Ekki er lagt mat á stjórnun í sjálfsmati sbr. lög um leikskóla.
- Leikskólastjóri gefur ekki út starfsáætlun eða ársskýrslu. Úttektaraðilar hvetja hann til að bæta úr því og kynna á heimasíðu.

<sup>80</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008,14.gr.2. mgr.

<sup>81</sup> Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með fulltrúum fræðslunefndar

<sup>82</sup> Fundur með leikskólastjórnendum

## 4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

*Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar<sup>83</sup>. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið<sup>84</sup>.*

### 4.1. Skólanámskrá

Leikskólinn Sólvellir hefur yfir að búa skólanámskrá frá árinu 2009 og er hún aðgengileg á vefsíðu leikskólans.<sup>85</sup> Skólanámskráin var unnin í undirbúningstímum og á starfsdögum. Allir starfsmenn leikskólans komu að gerð hennar. Að sögn leikskólastjórnenda er skólanámskráin ekki kláruð að fullu.<sup>86</sup>

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram saga hans, markmið leikskólastarfs samkv. lögum um leikskóla nr. 78/1994, aðlögun barna og foreldra, foreldrasamstarf, námssvið leikskóla samkvæmt aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999, tengsl leikskóla og grunnskóla, dagskipulag, hagnýtar upplýsingar m.a. um fjarvistir, starfsdaga, innritun/uppsögn og opnunartíma, hefðir og siðir ásamt starfsreglum sem leikskólinn fylgir<sup>87</sup>. Að sögn foreldra hafa þeir ekki fengið eintak af skólanámskrá afhent né hefur þeim verið kynnt innihald hennar. Ekki hefur verið farið yfir það með foreldrum hver aðkoma þeirra að vinnu við nýja skólanámskrá verður.<sup>88</sup> Aðlögun að nýrri aðalnámskrá 2011, lögum frá 2008 og reglugerðum er ekki hafin en að sögn deildarstjóra hefur þetta verið tekið fyrir á einum fundi.<sup>89</sup>

### 4.2. Tengsl skólastiga

*Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.<sup>90</sup>*

Í skólanámskrá leikskólans er greint frá tengslum leik- og grunnskóla. Áhersla er lögð á gott samstarf milli skólastiganna til þess að stuðla að aukinni samfelli í uppeldi og menntun barna. Sérstakur skólahópur er á leikskólanum sem samanstandur af þeim börnum sem hefja grunnskólagöngu sína á næsta skólaári. Leikskólinn hefur nýverið skráð sig ásamt grunnskólanum í verkefni heilsueflandi skóla. Það verkefni er afar stutt á veg komið en það fór af stað í lok mars 2012. Verið er að vinna að verkefni með skólahóp eftir þróunarverkefni sem leikskóli á höfuðborgarsvæðinu er að vinna að, en þar er lögð áhersla á markvissa

<sup>83</sup> Lög um leikskóla nr.90/2008

<sup>84</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011:34

<sup>85</sup> Skólanámskrá Sólvalla

<sup>86</sup> Rýnihópur leikskólastjórnenda.

<sup>87</sup> Skólanámskrá Sólvalla

<sup>88</sup> Rýnihópar foreldra

<sup>89</sup> Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara

<sup>90</sup> Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

málörvun og stærðfræðikennslu. Áhersla er á að börnin verði skólahæf, þekki umhverfið, nemendur og kennara.<sup>91</sup>

Skipulag skólahópsins er þannig að vinnan skiptist annars vegar í vinnu með markvissa málörvun og ritun. Hins vegar í vinnu með helstu grunnþætti stærðfræðinnar, alls 3 x í viku, 30-45 mín. í senn. Skólahóparnir eru fyrir hádegi, á mánudögum kl.09.30, þriðjudögum og fimmtudögum, kl. 10.00. Auk þess heimsækja þau grunnskólann alls 16 sinnum á skólaárinu á föstudögum. Annað hvort í bóklegan tíma eða íþróttatíma<sup>92</sup>.

Að vori fer hópurinn í útskriftarferð í Skálanes og gistir þar eina nótt ásamt starfsfólki. Að hausti er kynningarfundur með foreldrum barna sem sækja munu skólahóp um veturinn. Að sögn skólastjórnenda hefur samstarfið og þróun þess staðið lengi yfir og er mikil ánægja með það. *“Börnin okkar eru að fara ófeimin og óheft í grunnskólann og foreldrar og kennarar telja að þau séu vel undirbúin. Sátt ríkir um þetta samstarf”*<sup>93</sup> Tónföndur er í leikskólanum einu sinni í viku yfir vetrartímann á vegum Tónlistarskóla Seyðisfjarðar. Í tónföndri kynnast nemendur undirstöðuatriðum tónlistar. Boðið er upp á sundnámskeið að vori, 10 skipti. Tónföndur og sundnámskeið eru ætlaðir tveimur elstu árgöngum leikskólans.<sup>94</sup>

### 4.3. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá Sólvalla frá árinu 2009 liggur fyrir en að sögn skólastjórnenda var hún ekki kláruð að fullu. Leikskólinn og sveitarfélagið þurfa að móta aðgerða- og tímaáætlun um gerð námskrár og leggja þarf áherslu á samvinnu allra hagsmunaaðila, upplýsa þá um aðgerðaráætlun og aðkomu þeirra að gerð hennar.
- Tengsl milli skólastiga eru góð og lögð áhersla á gott samstarf milli leik- og grunnskólans. Verið er að vinna að verkefni með skólahóp leikskólans að forskrift þróunarverkefnis sem leikskóli á höfuðborgarsvæðinu vinnur eftir.
- Sólvellir er samstarfsaðili Tónlistarskóla Seyðisfjarðar og hefur það samstarf gengið vel.
- Ánægjulegt er að leikskólinn bjóði tveimur elstu árgöngunum upp á sundnámskeið á hverju vori.

91 Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara

92 Athugasemdir leikskólastjóra maí 2012

93 Rýnihópur skólastjórnenda

94 Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara

## 5. MANNAUÐUR

*Sveitarstjórn eda annar rekstraraðili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna<sup>95</sup>.*

Við leikskólann starfa 12 konur í 9,7 stöðugildum<sup>96</sup>. Stjórnendur eru fjórir, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri sem einnig starfar sem deildarstjóri og tveir aðrir deildarstjórar. Stjórnendur deila með sér 3,2 stöðugildum. Að auki er starfandi leikskólakennari, sex leiðbeinendur og einn starfsmaður í eldhúsi. Þessir starfsmenn deila með sér 6,5 stöðugildum. Stjórnendur voru spurðir hver væri ástæðan fyrir því að stöðugildi stjórnenda væru 33% af stöðugildum innan leikskólans, gáfu þeir þau svör að þrír deildarstjórar væru starfandi við skólann vegna þess að leikskólinn starfrækir þrjár deildir<sup>97</sup>. Meðal starfsaldur leikskólakennara er 17,2 ár, en 12,2 ár meðal annars starfsfólks. Engin starfsmannaveita var árið 2011 en það sem af er árinu 2012 hafa þrír starfsmenn verið ráðnir inn í leikskólann. Skýringar á þessari fjölgun, að sögn stjórnenda, felast í auknum barnafjölda, barneignarleyfi og vegna uppsagnar starfsmanns. Menntun starfsfólks má sjá í töflu 1<sup>98</sup>.

**Tafla 1. Menntun starfsmanna.**

Menntun	Fjöldi
Leikskólakennari að mennt	5
Háskólapróf	8
Framhaldsskólapróf	1
Grunnskólapróf	3

ATH: 12 starfsmenn standa að baki upplýsingum um menntun starfsmanna

Leikskólinn hefur yfir að búa starfsmannastefnu. Í stefnunni er greint frá starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsviðtölum, skipulagsdögum, móttöku nýrra starfsmanna, hópeflingu starfsmanna ásamt menntun og fræðslu<sup>99</sup>. Leikskólinn er að ljúka við starfsmannahandbók fyrir starfsmenn sína. Tilgangur hennar er að tryggja að allir starfsmenn leikskólans hafi aðgang að sömu upplýsingum er varða rekstur leikskólans og innihald starfsins. Í starfsmannahandbókinni er greint frá sögu leikskólans, fræðslumálaráði, stjórnskipuriti leikskólans, innra starf, starfstími, dags- og vikuskipulag, áherslur í starfi, samstarf, foreldrasamstarf, innritunar- og inntökureglur, móttaka nýrra barna og foreldra, uppsögn á plássi, foreldrafélag, leikskólagjöld, starfsmannahald, starfslýsingar og aðrar hagnýtar upplýsingar<sup>100</sup>. Að sögn deildarstjóra og leikskólakennara er

<sup>95</sup> Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

<sup>96</sup> Starfsfólk skólans af vefsíðu Sólvalla

<sup>97</sup> Fundur með leikskólastjórnendum

<sup>98</sup> Starfsmannalisti og rekstrartölur og samantekt úr starfsmannaskrá

<sup>99</sup> Starfsmannastefna leikskólans Sólvalla 2011

<sup>100</sup> Starfsmannahaldbók

ekki búið að fara yfir innihald starfsmannahandbókar en þeir telja að útgáfa hennar muni auðvelda starfið á leikskólanum<sup>101</sup>

## 5.1. Starfsþjálfun og símenntun

Að sögn stjórnenda hafa þeir ekki gert né fengið frá sveitarfélaginu símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2011 – 2012. Símenntun starfsfólks samanstendur af símenntunardegi samkv. kjarasamningum, fræðsluerindum á starfsmannafundum ásamt öðrum námskeiðum eða fyrirlestrum sem einstaklingar sækja með styrk úr endurmenntunarsjóði stéttarfélaga<sup>102</sup>. Einnig hefur foreldrafélagið, að sögn stjórnenda, komið með tillögur að námskeiðum og jafnvel staðið undir kostnaði á þeim<sup>103</sup>. Að sögn deildarstjóra og kennara þá koma þeir skoðunum sínum er varða endurmenntun á framfæri á fundum eða í samskiptum við stjórnendur<sup>104</sup>.

Framboð á endurmenntun er, að sögn deildarstjóra, kennara og starfsmanna, ekki nægilegt. Að þeirra sögn samanstendur endurmenntun þeirra aðallega af námskeiðum sem þeir sækja á eigin vegum<sup>105</sup>. Að sögn almennra starfsmanna þurfa þeir að sækja sér upplýsingar sjálfir um símenntunarnámskeið. Kennarasamband Íslands sendi tilkynningar á leikskólastjóra en þau námskeið eigi aðeins við fagmenntaða<sup>106</sup>. Ekki er til staðar skrifleg móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn<sup>107</sup>. Að sögn stjórnenda hefur þó verið stuðst við ákveðið verklag. Leikskólastjóri tekur á móti nýjum starfsmanni og fer yfir helstu atriði er varða leikskólann að því loknum fer nýi starfsmaðurinn til deildarstjóra sem sér um að koma honum inn í daglegt starf deildarinnar<sup>108</sup>. Að sögn starfsmanna er misjafnt hversu ítarlegar upplýsingar nýir starfsmenn fá<sup>109</sup>.

## 5.2. Fundir og boðskipti

Starfsmannafundir eru haldnir á starfsdögum yfir vetrartímann. Þeir eru sex á ári. Þar er farið yfir málefni leikskólans og ákvarðanir teknar. Hver deild heldur deildarfund á fjögurra vikna fresti. Á deildarfundum er starfið skipulagt, farið yfir málefni er viðkoma deildinni og ákvarðanir teknar. Fagfundir eru haldnir einu sinni í mánuði en þar hittast leikskólastjóri, deildarstjórar og leikskólakennarar og ræða saman um málefni leikskólans. Skipulagsdagar eru fjórum sinnum á ári en þeir eru notaðir af starfsfólki til að skipuleggja starfið, halda námskeið og sækja sér aukna fræðslu. Starfsmannasamtöl fóru fram árið 2011 og var það í fyrsta skipti sem það var framkvæmt á Sólvöllum. Leikskólinn fylgdi stöðluðu viðtalsformi

101 Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara

102 Greinargerð leikskólastjórnenda

103 Fundur með leikskólastjórnendum

104 Fundur með deildarstjórum og kennurum

105 Fundur með deildastjórum og kennurum, rýnihópur starfsmanna

106 Rýnihópur starfsmanna

107 Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildastjórum og kennurum

108 Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildastjórum og kennurum

109 Rýnihópur starfsmanna

við framkvæmd starfsmannasamtala þar sem m.a. var spurt um frammistöðu, líðan, samstarf, samskipti, aðbúnað og endurmenntun<sup>110</sup>. Að sögn leikskólastjórnenda er stefnan að vera reglulega með starfsmannasamtöl en ekki liggja fyrir áætlun um það<sup>111</sup>

Á leikskólanum er upplýsingum komið á framfæri við starfsmenn í gegnum dagleg samskipti og upplýsingatöflu. Að sögn deildarstjóra og leikskólakennara eru samskipti mjög góð og aðgangur að stjórnendum greiður. Þeir segja að samskiptin hafi batnað með nýjum leikskólastjóra.<sup>112</sup> Starfsmenn benda á að það ríki stéttaskipting á leikskólanum, ganga þurfi á eftir upplýsingum og ekki sé tekið tillit til annarrar menntunar en leikskólakennaramenntunar varðandi fagfundi.<sup>113</sup> Starfsmenn segja að það skorti nokkuð á boðskipti og skýrar boðleiðir og bæta megi úr því á milli deildarfunda. Eins eru starfsmannafundir ekki lengur einu sinni í mánuði heldur getur liðið allt upp í tveir mánuður milli þessa að allt starfsfólk hittist á fundi<sup>114</sup>. Benda þeir á í því samhengi að upplýsingar um ráðningu beggja stjórnenda við leikskólann hefðu borist til þeirra utan frá áður en tilkynnt var um breytingarnar á starfsmannafundi innan leikskólans. Að öðru leyti telja þeir aðgengi sitt að leikskólastjórnendum gott.<sup>115</sup>

### 5.3. Mat úttektaraðila

- Starfsmannastefna og starfsmannahandbók eru til á leikskólanum en handbókin er ekki aðgengileg. Mikilvægt er að kynna innihald hennar fyrir starfsfólki.
- Símenntunaráætlun fyrir leikskólann í heild liggur ekki fyrir. Starfsmenn telja sig ekki fá nægilega endurmenntun í starfi. Leikskólinn er hvattur til að bæti úr því.
- Ekki liggur fyrir skriflegt verkferli um móttöku nýrra starfsmanna, stuðst er við ákveðið verklag en það er ekki samræmt. Lítil starfsmannavelta er á leikskólanum en að mati úttektaraðila er æskilegt að samræma móttöku nýliða og vinnubrögð eftir deildum.
- Formlegir fundir og boðskipti eru með ágætum og starfsmannasamtöl voru tekin við allt starfsfólk á árinu í fyrsta skipti. Að sögn starfsfólks má bæta upplýsingaflæði á milli funda. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur leikskólans að finna leiðir til að auka upplýsingaflæði og boðskipti til almennra starfsmanna og tryggja að reglulegir starfsmannafundir séu haldnir.
- Almenn ánægja er með samskipti leikskólastjóra, stjórnenda og starfsmanna. Ekki liggja fyrir kannanir því til rökstuðnings en að sögn starfsfólks er gott aðgengi að stjórnendum.

110 Leikskólinn Sólvelli: Starfsmannasamtal mars 2010

111 Rýnihópur skólastjórnenda

112 Rýnihópur deildarstjóra og leikskólakennara

113 Rýnihópur starfsmanna

114 Athugasemdir leikskólastjóra maí 2012

115 Rýnihópur starfsmanna

## 6. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN

### 6.1. Nemendur

*Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla segir að ákvörðun um fjölda barna skuli taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu<sup>116</sup>.*

Við skólann stunda alls 41 börn nám, 23 drengir og 18 stúlkur. Börnin eru á aldrinum 1 – 6 ára (árgangar 2006 - 2011). Flest börn eru fædd árið 2007 en fæst árið 2011<sup>117</sup>. Í töflu 2 og 3 má sjá skiptingu barna eftir deildum og árgangi ásamt fjölda nemenda eftir dvalartíma.

**Tafla 2. Skipting barna eftir deild og árgangi.**

	Vinaminni	Álfhóll	Dvergsteinn	Samtals
<b>Fjöldi barna</b>	<b>15</b>	<b>16</b>	<b>10</b>	<b>41</b>
2011	0	0	5	5
2010	0	2	5	7
2009	0	5	0	5
2008	0	9	0	9
2007	10	0	0	10
2006	5	0	0	5

**Tafla 3. Fjöldi barna eftir dvalartíma.**

Dvalartími	3-5 klst.	5-7 klst.	7 - 9 klst.	Samtals
Fjöldi barna	3	2	36	41

### 6.2. Dagskipulag leikskólans

Dagskipulag skólans er í formi stundaskrár. Dagskipulagið er í grunninn það sama fyrir allar deildir leikskólans en lítilsháttar breytingar eru milli deilda. Dagskipulag Skólans hefst kl 07:45 og stendur til kl 16:15. Í dagskipulagi allra deilda eru fastir punktar vegna hvíldar, matartíma, samverustunda og hópstunda / sem eru tvisvar í viku á öllum deildum, en utan þess er frjálsum leik gefið umtalsvert vægi. Eins og kemur fram í kafla 4.3 um tengsl skólastiga, þá hefur leikskólinn yfir að búa sérstöku viðbótar dagskipulagi fyrir börn í skólahóp. Dagskipulag leikskólans er ekki aðgengilegt á heimasíðu hans en stundatöflur flestra deilda er þar að finna. Að sögn leikskólastjóra, deildarstjóra og kennara ríkir sátt um dagskipulag leikskólans, breytingar séu gerðar eftir þörfum og allir komi að endurmati. Rætt sé um dagskipulag og breytingar á því á starfsmannafundum og deildafundum.

<sup>116</sup> Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

<sup>117</sup> Ýmsar lykiltölur úr skólastarfinu af vefsíðu Sólvalla



Aðlögun barna er einstaklingsbundin. Fyrstu heimsóknir þeirra eru stuttar en lengjast svo smám saman þar til fullum dvalartíma er náð. Foreldrar eru boðaðir í viðtal í leikskólanum en þá gefst tími til að fá upplýsingar um barnið og kynna fyrir foreldrum starfsemi og aðstöðu leikskólans. Lögð er áhersla á mikilvægi foreldra í aðlögunarferli barnsins þar sem nærvera þeirra eykur öryggistilfinningu og auðveldar aðlögun að hinu nýja umhverfi. Verkferlar vegna aðlögunar eru skriflegir og skýrir að sögn allra úr rýnihópum<sup>118</sup>.

Leikskólinn hefur ekki sett sér skrifleg námsmarkmið en að sögn leikskólustjóra eru fylltir út listar með þroskalýsingum barna á hverju aldursbili fyrir foreldraviðtöl. Hver deild fyrir sig skipuleggur og þróar starfið hjá sér og taka kennsluhættir mið af aldri og þroska barna. Að sögn leikskólustjórnenda ríkir sátt milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins<sup>119</sup>. Foreldrar benda á að það gæti verið meira starf og lítið sé að gerast. Mikið sé um frjálsan leik. „Það vantar grunninn, allt í einu kemur í ljós að barnið kann kannski ekki að klippa“. Foreldrar telja að gott væri að leikskólinn setti sér námsmarkmið fyrir hvern aldur fyrir sig, sérstaklega vegna þess að leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins. Að sögn foreldra fóru starfsmenn erlendis árið 2011 í námsferð en þeir hafi ekki orðið varir við neitt nýtt í starfinu í kjölfar hennar og ekkert hefur verið fjallað um hvað skoðað var. Þeir benda á að fundir séu fáir og ekki mörg tækifæri til að hafa áhrif<sup>120</sup>.

### 6.3. Leikur og nám

*Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólustarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum edlislegur.... Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur born.... Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt<sup>121</sup>.*

Eins og fram kom að ofan starfar leikskólinn eftir opnu kerfi þar sem aðaláherslan er á frjálsan leik barna. Ekki er unnið eftir hefðbundinni skipulagðri dagskrá heldur er reynt að grípa í upplifun augnabliksins, vera hér og nú og einbeita sér í lengri tíma að því sem verið er að gera. Í daglegu starfi er unnið á fyrirfram ákveðnum svæðum. Markmið svæðaskipulagsins er að skapa börnunum skilyrði sem gera þau færari um að hafa frumkvæði, sköpunarþörf og ímyndunarafl og gera þau sjálfstæðari í leik og starfi. Svæðin eiga það til að flæða saman þ.e. börn sem eru í leik á einu svæði geta heimsótt annað svæði jafnvel í tengslum við hlutverkaleikinn sem þau eru í, allt eftir hugmyndaflugi þeirra. Ætlast er til að börnin staldri við um einhvern tíma í því verkefni sem þau velja sér hverju sinni. Misjafnt er hve mörg börn komast að í einu á sum svæðin. Frjáls leikur hefur mikið vægi í daglegu starfi leikskólans.

118 Rýnihópar allra

119 Fundur með leikskólaleikskólustjórnendum

120 Rýnihópur foreldra

121 Aðalnámskrá leikskóla 2011: 26

Í stundaskrá deilda er frjáls leikur allt frá 3 klst upp í 6,5 klst af 8 klst dagskipulagi leikskólans<sup>122</sup>. Að sögn starfsmanna er sátt um opna kerfið sem leikskólinn starfar eftir. Það mætti þó koma fram með skýrari hætti hvaða nám fer fram á leiksvæðunum og upplýsingar um námsmarkmið með leiknum „þau eru bara að leika sér við erum meira bara gæslufólk“. Starfsmaður er að þeirra sögn ekki alltaf til staðar á svæðunum til að fylgjast með leik barnanna. Upplýsingagjöf til starfsmanna hefur hrakað að þeirra mati<sup>123</sup> Áhrif barna á vægi leiksins felst fyrst og fremst að mati deildarstjóra og leikskólakennara í tímalengd og samsetningu barnahópsins.<sup>124</sup> Að sögn nemenda þá ráða kennararnir í leikskólanum. Nemendur telja sig stundum mega ráða við hverja þeir leiki en ekki hve lengi þeir leiki sér.<sup>125</sup>

## 6.4. Leikefni og efniviður

*Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri.....Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana<sup>126</sup>.*

Lögð er áhersla á að hafa leikefni sýnilegt og aðgengilegt inni á deildum til að efla frumkvæði og virkni barnanna í frjálsa leiknum. Það virkar hvetjandi fyrir þau að sjá hvað er í boði þó svo að ekki sé hægt að hafa allt inni á deild í einu. Að sögn leikskólastjórnenda og deildarstjóra er unnið með fjölbreyttan efnivið á leikskólanum og mikið sé um opin efnivið. Helst benda skólustjórnendur á að það vanti tölvur fyrir börnin.<sup>127</sup> Foreldrar benda á að efniviður og leikefni mætti vera fjölbreyttari og bæta megi upplýsingar um rökin fyrir vali hans.<sup>128</sup> Áhrif barna á val á leikefni felast fyrst og fremst í því að leikefni sem er vinsælt meðal þeirra er frekar keypt inn á leikskólann. Að sögn nemenda eru risaeðlur og bangsar skemmtilegasta leikefnið „Við tölum við bangsa í þykjustunni og við erum líka að hreyfa þá. Einn bangsinn heitir Pikkaþiú. Okkur langar ekki að leika með kubbana“<sup>129</sup>.

## 6.5. Líðan nemenda

Að sögn leikskólastjórnenda og annars fagfólks er lögð áhersla á góða líðan nemenda á leikskólanum. Vel er tekið á móti þeim á morgnanna og reynt er að vera til staðar fyrir þau yfir daginn. „Tökum þátt í leiknum með þeim ef tækifæri gest til“. Að sögn deildarstjóra og leikskólakennara hefur opna kerfið sem leikskólinn starfar eftir breytt líðan barnanna og orðið til þess að þau urðu ánægðari. Starfsmenn benda á að allt sé gert til þess að láta

<sup>122</sup> Stundarskrár deilda af vefsíðu Sólvalla

<sup>123</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>124</sup> Rýnihópur deildarstjóra

<sup>125</sup> Rýnihópur nemenda

<sup>126</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 27

<sup>127</sup> Rýnihópar leikskólastjórnenda, deildastjóra og leikskólakennara

<sup>128</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>129</sup> Rýnihópur nemenda

börnunum líða vel. Nálægðin í samfélaginu verði til þess að upplýsingar um aðstæður barnanna berist fljótt til starfsmanna. „Það er gott starfsfólk hérna og góð aðstaða“<sup>130</sup>.

Ef grunur kemur upp um að barni líði illa þá eru ekki til skýrir verkferlar á leikskólanum. „Allir vita hvernig bregðast á við og við skrifum hjá okkur þegar verið er að taka viðtöl við foreldra um hvernig almenn líðan barna þeirra er“<sup>131</sup>. Að sögn deildarstjóra og leikskólakennara er persónulegt eftirlit með börnunum. „Við hlustum og horfum á þau og skoðum hvernig þau fúnkera yfir daginn“. Deildarstjórar og leikskólakennarar benda á að rætt sé um á deilda fundum hvort bregðast þurfi við líðan barns og í framhaldinu sé haft samband við foreldra<sup>132</sup>. Að sögn nemenda, líður þeim vel í leikskólanum “Það er skemmtilegt að lita og fá að vera í dýnó”. Að þeirra sögn hugga starfsmenn þá ef þeim líður illa<sup>133</sup>.

## 6.6. Lýðræði og mannréttindi

Ein af uppeldisáherslum leikskólans er virðing fyrir sjálfsákvörðunarrétt barna ásamt því að virða frjálsan leik, en litið er á hann sem kjarna uppeldisstarfsins.<sup>134</sup> Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum. Þau sækja sér efnivið og að leik loknum taka þau saman og ganga frá eftir sig, allt eftir aldri sýnum og þroska. Áhersla er á að börn og kennarar beri virðingu og umhyggju fyrir öðrum, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Börnin eru hvött til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt<sup>135</sup>. Að sögn deildarstjóra og starfsmanna eru möguleikar barna til að hafa lýðræðisleg áhrif helst í gegnum opna kerfið<sup>136</sup>. „Þessi litlu hafa alveg skodanir á hvað þau vilja gera. Þó venjan sé að fara út á ákveðnum tímum reyna þau alveg að fara út á öðrum tímum“. Eldri börnin fá hugmyndir og ef aðrir vilja taka þátt þá geta þau stjórnað því. Börn hafa einnig mikil áhrif á hvernig haldið er uppá afmælisdaga þeirra.<sup>137</sup> Að sögn nemenda þá mega þeir ekki stjórna á leikskólanum. Þegar þeir eru spurðir um hverju þeir vilji helst breyta þá benda þeir á tölvu „já tölvu því hin er biluð“<sup>138</sup>.

## 6.7. Samskipti agi og hegðun.

Á Sólvöllum er lögð áhersla á vináttu í samskiptum barnanna. Eldri börnin eru hvött til að leysa úr ágreiningi sjálf en starfsmenn grípa inn í ef þörf er á. Sólvellir eru í samstarfi við grunnskólann um Olweusarverkefnið en skólahópur á leikskólanum hefur tekið þátt í því. Að sögn leikskólástjórnenda er rædd á deildarfundum hvernig unnið skuli með aga og hegðun „Við höfum tekið þau til hliðar ef hegðun er óæskileg, við fylgjum ákveðnum verkferli og

130 Rýnihópur starfsfólks

131 Fundur með skóla-leikskólástjórnendum

132 Fundur með deildarstjórum og leikskólakennurum.

133 Rýnihópur nemenda

134 Greinargerð leikskólástjóra um Lýðræðisþjálfun

135 Greinargerð leikskólástjórnenda.

136 Fundur með deildarstjórum og leikskólakennurum, rýnihópur starfsmanna

137 Deildarstjórar og leikskólakennarar

138 Rýnihópar nemenda

tökum börnin úr umhverfinu eða aðstæðunum“<sup>139</sup> Deildarstjórar og starfsmenn taka undir með að börn séu tekin úr aðstæðum ef hegðun þeirra er óæskileg en starfsmenn benda á að verkferlar séu ekki markvissir og eigin sannfæringu sé látið ráða. „Þessu hefur hrakad nokkuð, var áður notað meira markvissir. Ég get tekið ákvörðun um að taka barnið út en svo kemur annar starfsmaður sem tekur barnið úr einveru.“<sup>140</sup> Verkferlar eru ekki skriflegir.

Börn voru spurð út í samskipti og reglur á leikskólanum. „Við megum ekki tala um eitthvað ljótt og það má ekki tala í hvíldinni. Það má ekki tala ef annar er að tala. Ef við stjórnnum okkur ekki þá förum við eða setjast í stól og hugsa, eigum að hugsa málið“<sup>141</sup>

## 6.8. Þróunarverkefni

*Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu<sup>142</sup>.*

Skólinn hefur á vorönn 2012 hafið þátttöku í verkefninu *Heilsuefandi skóli* ásamt Seyðisfjarðarskóla. Verkefnið er í samvinnu við Lýðheilsustöð og er tilgangur þess að ná betri námsárangri meðal nemenda ásamt því að auðvelda aðgerðir til að bæta heilsuna með því að efla þekkingu nemenda á heilbrigði og þjálfá þá í rökhugsun, félagsmálum og hegðun. Innleiðing verkefnisins er á byrjunarstigi og því ekki komin reynsla á áhrif þess á skólalastarfið og aðila þess<sup>143144</sup>. Að sögn leikskólastjórnenda er verkefnið aðeins komið í umræðu inn í starfsmannahópnum. Verkefnið er miðað við grunnskóla en Landlæknir er að fara af stað með svipað verkefni fyrir leikskólastigið og því gæti hentað leikskólanum að bíða og taka þátt í því.<sup>145</sup>

## 6.9. Mat úttektaraðila

- Dagskipulag liggur fyrir og ríkir almenn sátt um það innan leikskólans. Það er ekki aðgengilegt á heimasíðu hans en stundatöflur deilda er þar að finna. Æskilegt er að kynna dagskipulag fyrir foreldrum betur á heimasíðu leikskólans.
- Leiðbeiningar um aðlögun barna eru til skriflegar og eru þær endurskoðaðar.
- Hugmyndafræði, stefna og áherslupættir leikskólans voru mótuð af starfsfólki árið 2000 og að mati úttektaraðila er kominn tími á endurskoðun og tengingu við nýja aðalnámskrá frá árinu 2011. Starfsfólk kallar eftir samræmdum vinnubrögðum og

139 Rýnihópur leikskólastjórnenda

140 Rýnihópur starfsmanna

141 Rýnihópur nemenda

142 Aðalnámskrá 2011:34

143 Heilsuefandi skóli af vef lýðheilsustöðvar

144 Greinargerð leikskólastjóra um þróunarverkefni

145 Rýnihópur leikskólastjórnenda

stefnu. Leikskólinn hefur ekki sett námsmarkmið með kennslunni og er hann hvattur til að bæta úr því, t.d. við endurskoðun skólanámskrár.

- Vægi frjálsa leiksins er mikið að sögn foreldra og starfsmanna og er skólinn hvattur til að skoða vægi hans í tengslum við dagskipulagið og við endurgerð skólanámskrár.
- Foreldrar og starfsmenn telja að það megi koma fram með skýrari hætti hvaða nám fer fram í opna kerfinu og upplýsingar um að námsmarkmið með leiknum. Einnig er leikskólinn hvattur til að kynna betur fyrir foreldrum t.d. hvað starfsmenn lærðu í námsferð sinni þegar þeir fóru erlendis í fyrra og ef einhverjar breytingar hafa orðið á starfinu í kjölfar ferðarinnar. Auka má þátttöku foreldra og starfsmanna að leikskólastarfinu og upplýsingaflæði til þeirra í tengslum við fagstarfið.
- Þörf er á skýrri stefnu leikskólans í vali á leikefni og efnivið. Auka má þátttöku barna við val á leikefni.
- Innan leikskólans er talið að opna kerfið hafi aukið vellíðan barnanna en ekki liggur fyrir mat á líðan barna og mætti bæta úr því. Ekki eru skýrir verkferlar ef grunur kemur upp um að barni líði illa.
- Auka má aðkomu barna að ákvarðanatöku innan leikskólans. Lýðræðisáhrif þeirra felast helst í tímalengd leikstunda, samsetningu barnahópsins og afmælisdögum.
- Skólahópur leikskólans er í samstarfi við grunnskólann um Olweusarverkefnið. Kynna má betur fyrir starfsfólki og foreldrum verkferla vegna agamála, skrá þá og auka fræðslu. Úttektaraðili hvetur leikskólann að setja sér samræmda agastefnu.
- Sólvellir stefna á þáttöku í verkefninu Heilsueflandi skóli ásamt grunnskólanum. Óvissa ríkir um aðkomu leikskólans að verkefninu þar sem Landlæknir að fara af stað með svipað verkefni fyrir leikskólastigið og því er líklegt að leikskólinn bíði og taki þátt í því. Mikilvægt er að verkefnið verði kynnt vel fyrir helstu hagsmunaaðilum.

## 7. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

---

Lítið hefur verið um endurnýjun í starfsmannahópnum undan farin ár og margir starfsmenn búnir að vinna saman í mörg ár, en þrír starfsmenn hafa hafið störf við leikskólann frá janúar 2012. Utan vinnutíma fer starfsfólk saman á haustþing og gera yfirleitt eitthvað skemmtilegt í lok þeirrar ferðar. Í hverjum mánuði standa tveir starfsmenn fyrir óvæntri upptöku og gleðja starfsmenn. Í nóvember er vinaleikur sem endar með kvöldverði starfsfólks og fyrir sumarfrí er ávallt lokahóf áður en starfsmenn fara í sumarfrí. Þrjár námsferðir til útlanda hafa verið farnar frá árinu 2003<sup>146</sup>. Að sögn deildarstjóra og kennara er mikil og góð samstaða í starfsmannahópnum og léttur andi<sup>147</sup>. Að sögn starfsmanna eru fleiri aðilar en skólastjórinn innan leikskólans að fara með stjórn hans, standi það skólanum fyrir þrifum og hafi haft áhrif á skólabrag. Þetta hafi þó lagast eitthvað en mætti verða betra. Erfitt tímabil hafi verið í byrjun árs þegar breytingar urðu á yfirstjórn skólans en ró sé að komast á aftur<sup>148</sup>.

### 7.1. Starfsandi og samskipti

Í viðhorfskönnun meðal foreldra frá skólaárinu 2009 – 2010 kemur fram að 93% svarenda telja börn sín ánægð í leikskólanum og að þeim líði vel<sup>149</sup>. Einnig kemur fram að mikill meirihluti foreldra er ánægður með samskipti sín við stjórnendur (85%), deildarstjóra (89%) og aðra starfsmenn (93%). Jafnframt tilgreina 89% svarenda að vel sér tekið á móti barni sínu við komu á leikskólann og allir svarendur tilgreindu að barn sitt sé hvatt hlýlega og á jákvæðan hátt. 73% svarenda könnunarinnar tilgreindu ennfremur að upplýsingastreymi frá leikskólanum væri nægilegt<sup>150</sup>.

Að sögn leikskólastjórnenda er starfsandi heimilislegur, fólk hafi unnið lengi saman og þekkt vel og að jákvæðni og hlýja einkenni starfsmannahópin<sup>151</sup>. Til að byggja upp jákvæðan skólabrag og stuðla að vellíðan barna og fullorðna er, að sögn stjórnenda, deildarstjóra, kennara og starfsmanna, haldin hátíð á leikskólanum á hverju sumri, haldið upp á dag leikskólans þar sem m.a. foreldrum er boðið í morgunmat og dagskrá í kringum dag myrkurs. Einnig sé stuðlað að jákvæðum skólabrag meðal starfsmanna m.a. með því að borða saman, með námsferðum sem allir starfsmenn sækja, partý o.fl.<sup>152</sup>. Að sögn foreldra upplifa þeir samskipti sín og barna sinna við leikskólann góð<sup>153</sup>. Ekki eru gerðar kannanir á

---

<sup>146</sup> Greinargerð leikskólastjórnenda

<sup>147</sup> Fundur með deildarstjórum og kennurum

<sup>148</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>149</sup> Leikskólinn Sólvellir: Foreldrakönnun, kynning á niðurstöðum 24. mars 2010.

<sup>150</sup> Leikskólinn Sólvellir: Foreldrakönnun, kynning á niðurstöðum 24. mars 2010.

<sup>151</sup> Fundur með leikskólastjórnendum

<sup>152</sup> Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildarstjórum og kennurum, rýnihópur starfsmanna

<sup>153</sup> Rýnihópur foreldra

starfsanda og ánægju í leikskólanum. Að sögn stjórnenda finna þeir hvernig því er háttað í andrúmsloftinu<sup>154</sup>.

## 7.2. Jafnrétti

Skólinn stefnir að því að fylgja jafnréttisstefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Stefnan var samþykkt í febrúar 2012<sup>155</sup>. Leikskólinn leggur áherslu á að tryggja að allir hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar til að taka þátt í þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á. Stuðlað er að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum. Bæði drengir og stúlkur leika sér með allt leikefni og taka þátt í öllum leikjum. Stuðlað er að börn sem njóta sérkennslu einangrist ekki frá barnahópnum heldur njóti eðlilegra félagslegra tengsla<sup>156</sup>. Allir starfsmenn taka undir með að jafnréttis barna sé gætt í skólastarfinu. Lögð sé áhersla á að allir hafi sama rétt og tækifæri til að gera það sama.<sup>157</sup> Jafnréttisstefna sveitarfélagsins er nýkomin út og eru skólastjórnendur að kynna sér hana. Jafnréttis er gætt meðal starfsfólk „það eru allir í öllu. Allir sinna hópstarfinu og sópa gólfid. Hæfileikar fólks eru nýttir“<sup>158</sup>. Ekki eru skriflegar móttökuáætlanir vegna erlendra barna á leikskólanum heldur stýrir eigin sannfæring að sögn skólastjórnenda<sup>159</sup>

## 7.3. Þátttaka og áhrif

Að sögn starfsmanna hafa þeir nokkur áhrif þegar kemur að því að gera breytingar er viðkoma skólastarfinu og að umbætur í kjölfar þeirra komi til framkvæmda. Foreldrar telja sig aftur á móti hafa lítil sem engin áhrif „*Nei nei nei við komum ekkert að þessu. Vorum að ræða þetta á foreldrafélagsfundum um daginn að auka þáttöku foreldra. Viljum vera meiri þátttakendur en það hefur ekki skilað sér*“. Að sögn foreldra er ekki mikið hlustað á þá og ekki sé sérstaklega vinsælt eða því sinnt ef komið er með ábendingar.<sup>160</sup> Nemendur telja sig hafa áhrif á hvort þeir fari út í leikskólanum og með hvaða dót þeir leika sér með „*Já hvort við förum út eða ekki og hvaða dót maður leikur í. Ég vill fá vinina mína aftur, þeir fluttu. Ég hef séð álfastein. Álfar taka dótið ef maður skilur það eftir úti, stundum taka þeir dótið og henda því út úr rúminu mínu og setja það annarstaðar. Ég hef hitt strákar sem heitir álfur. Held að ég hafi séð álf taka í nefið á mér*“<sup>161</sup>

154 Fundur með leikskólastjórnendum

155 Jafnréttisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar

156 Greinargerð leikskólastjórnenda.

157 Rýnihópar allra starfsmanna

158 Rýnihópur deildastjóra

159 Rýnihópur skólastjórnenda

160 Rýnihópur foreldra

161 Rýnihópur nemendur

## 7.4. Einelti

Ekki er í gildi eineltisáætlun, að sögn deildarstjóra, kennara, starfsmanna og foreldra<sup>162</sup>. Til þess að kanna líðan nemenda eru framkvæmdar óformlegar kannanir um vinatengsl<sup>163</sup>. Að sögn starfsmanna hafa komið upp eineltismál innan leikskólans sem hafa orðið til þess að þolendur hafi sagt upp starfi sínu. Að þeirra sögn hafi það verið tilkomið vegna einstaklinga innan leikskólans og „*ef þeim líkar þú ekki þá færð þú alveg að finna það*“. Einnig kom fram meðal starfsmanna að það standi skólanum fyrir þrífum að ákveðinn hópur sé starfandi innan hans<sup>164</sup>. Að sögn foreldra þá hafa þeir orðið varir við einelti innan leikskólans meðal barna. Þeir eru ekki sáttir við hvernig er tekið á einelti þar sem ekki er virk umræða um það innan leikskólans<sup>165</sup>. Samkvæmt starfsmönnum hefur komið upp einelti meðal barna og sé úrlausn þeirra eftir eigin sannfæringu en ekki verklagsreglum<sup>166</sup>. Að sögn stjórnenda hafa ekki komið upp eineltismál í mörg ár.<sup>167</sup>

## 7.5. Mat úttektaraðila

- Að mati úttektaraðila er starfsandi jákvæður og samskiptin góð á leikskólanum. Ekki liggja fyrir kannanir á viðhorfi starfsmanna til stjórnunar, starfsánægju, líðan o.fl. hvetja úttektaraðilar að bætt verði úr því.
- Breytingar hafa verið á stjórnun leikskólans og skapaði það ákveðna óvissu hjá starfsfólki. Að mati úttektaraðila virðast breytingarnar hafa orðið til hins betra í stjórnun leikskólans og starfsfólk sátt.
- Viðhorfskannanir meðal foreldra staðfesta góð samskipti við stjórnendur og starfsfólk leikskólans.
- Jafnréttisáætlun liggur ekki fyrir en leikskólinn stefnir að því að fylgja jafnréttisstefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar.
- Móttökuáætlanir vegna barna af erlendum uppruna eru ekki til skriflegar og er þeim ábótavant.
- Þátttaka og áhrif starfsmanna og foreldra að skólastarfinu er ekki nægileg. Aðkoma barna að ákvarðanatöku innan leikskólans er ekki með formlegum hætti.
- Eineltisstefna liggur ekki fyrir. Eineltismál hefur komið upp á leikskólanum, bæði meðal starfsfólks og barna. Ekki er sátt um hvernig tekið var á eineltismálum og er leikskólinn hvattur til að útbúa eineltisstefnu og aðgerðaráætlun hið fyrsta og kynna hana fyrir helstu hagsmunaaðilum og fræða starfsfólk og börnin.

<sup>162</sup> Fundur með deildarstjórum og kennurum, rýnihópur starfsmanna, rýnihópur foreldra

<sup>163</sup> Gagnalisti

<sup>164</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>165</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>166</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>167</sup> Fundur með stjórnendum



## 8. LEIÐARLJÓS, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA

*Í aðalnámskrá er settir fram grunnþættir menntunar sem eiga að vera leiðarljós við námskrárgerð. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun<sup>168</sup>. Námsvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi sköpun og menning<sup>169</sup>.*

Leikskólinn er að hefja vinnu við að aðlaga skólastarf að nýrri aðalnámskrá leikskóla. Að sögn deildarstjóra er það á valdi hvernar deildar fyrir sig hvað er gert en „við smitum hugmyndir milli deilda“. Einnig kom fram að samræmi í kennsluáferðum mætti vera meira en það myndi fylgja vinnu starfsmanna við nýja skólanámskrá. Að sögn deildarstjóra hefur ekki gefist tími til þess að kynna sér nægilega vel grunnþætti menntunar og námssviðin í nýrri aðalnámskrá. Benda þeir á að einhver umræða sé farin af stað<sup>170</sup>.

### 8.1. Samþætt og skapandi skólastarf

*Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla<sup>171</sup>.*

#### 8.1.1. Heilbrigði og velferð

Að sögn stjórnenda er lögð áhersla á að efla hreyfiþroska, hreyfigetu og styrkja samhæfingu barnanna í hreyfistundum. Unnið er í litlum hópum á yngri deildum en elstu börnin fara öll í sameiginlega hreyfistund með grunnskólabörnum í íþróttahúsinu. Lögð er áhersla á útiveru þar sem grófhreyfingar og frjáls leikur eru megin þættir. Hvíldartími er á leikskólanum frá kl 12:00 til 12:45, en frá 11:30 meðal yngstu barna leikskólans. Yngstu börnin sofna en eldri börnin eiga kyrrláta stund, hlustað er á sögu eða tónlist. Áhersla er á að hreinlæti sé daglegur þáttur í daglegu lífi barnanna. Reynt er að gæta hreinlætis ekki síst með tilliti til smithættu. Í matmálistímum er lögð áhersla á fjölbreyttan og hollan heimilismat. Barn er hvatt til að hjálpa sér sjálft við borðhaldið og þörfum barna mætt til að þjálfa sjálfshjálp. Mikilvægt er að börnin smakki allan mat sem boðið er upp á<sup>172</sup>.

#### 8.1.2. Sjálfbærni og vísindi

Í leikskólanum er lögð áhersla á að fræða börnin um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Farið er í útiveru og gönguferðir þar sem börnin gera sýnar eigin athuganir og vinna úr þeim. Einnig er rætt um dýr, plöntur, árstíðir, veðurfar, ræktun og umgengni um náttúruna og þeim kennt að njóta hennar um leið. Í nánasta umhverfi leikskólans má m.a. finna skóg,

<sup>168</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 9

<sup>169</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 28

<sup>170</sup> Fundur með deildastjóra og leikskólakennurum

<sup>171</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011:9

<sup>172</sup> Gögn frá stjórnendum og Deildarnámskrá Dvergsteins

læki og fjöru sem vekja áhuga barnanna. Börnin eru hvött til að ganga frá fatnaði sýnum, leikefni og borðbúnaði eftir máltíðir en markmiðið með því er að styrkja sjálfstæði og sjálfsbjörg nemenda með því að gefa þeim tækifæri á að spreyta sig á stigvaxandi verkefnum og fela þeim smá saman meiri ábyrgð. Lögð er áhersla á að nemendur læri góða umgengni og beri virðingu fyrir húsnæði, leikföngum og öðru í umhverfinu<sup>173</sup>.

### 8.1.3. Sköpun og menning

Til listsköpunar hafa börnin aðgang að fjölbreyttum efnivið en einnig er lögð áhersla á verðlaust efni. Menning og tengsl við sögu og fortíð Seyðisfjarðar hafa mikil áhrif á hefðir skólastarfsins. Mótast það af nærumhverfi sínu. Farið er í gönguferðir og nánasta umhverfi leikskólans kannað t.d. með því að fara í vettvangsferðir og taka þátt í menningarviðburðum. Hafðir eru í heiðri íslenskir þjóðhættir eins og þorablót, öskudagur, bolludagur og jólaball. Rætt eru um ólíka staði, menningu og upplifanir og með því reynt að víkka sjóndeildarhring barnanna. Haldið er upp á afmælisdag barnanna<sup>174</sup>.

### 8.1.4. Læsi og samskipti

Á Sólvöllum er lögð áhersla á að hlúa vel að málörvun og umhverfið haft ritmálsörvandi fyrir börnin. Þau börn sem þurfa málörvun vegna frávíka fá einstaklingsmiðaðan stuðning sérkennara. Að sögn stjórnenda eru þættir skólastarfsins vel fallnir til málörvunar og fer hún fram í samtölum með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir börnin, segja þeim sögur og kenna þeim kvæði og þulur. Börnin eru einnig hvött til þess að spyrja, segja frá, færa rök fyrir máli sínu og hlusta með athygli. Málörvun fer fram í hópstarfi og samverustundum, með lestri bóka, söng, samræðum og málörvandi leikjum. Ritmálið er haft sýnilegt<sup>175</sup>. Fjallað er um lýðræði, mannréttindi og jafnrétti á öðrum stað í skýrslunni.

## 8.2. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn er að hefja vinnu við að aðlaga skólastarf að nýrri aðalnámskrá.
- Vel er staðið að heilbrigði og velferð í leikskólanum og er áhugi fyrir að sækja um þróunarverkefni í tengslum við heilsuefningu barna. Vel er staðið að markvissri málörvun og ríkir almenn ánægja með hvernig staðið er að þessum þætti.
- Í leikskólanum er lögð áhersla á að fræða börnin um náttúruna, umhverfið og verndun þess með útiveru, gönguferðum, athugunum og fleira. Tengsl við sögu og fortíð Seyðisfjarðar eru góð. Að mati úttektaraðila er vel staðið að þessum þáttum.

<sup>173</sup> Greinargerð leikskólastjórnenda og Deildarnámskrá Dvergasteins

<sup>174</sup> Greinargerð leikskólastjórnenda og Deildarnámskrá Dvergsteins.

<sup>175</sup> Gögn frá leikskólastjórnendum, skilaboðaskjóða Vinaminnis, og skilaboðaskjóða Álfrólis.

## 9. INNRA MAT

---

*Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur<sup>176</sup>.*

Innra mat er ekki framkvæmt í leikskólanum, fyrir utan viðhorfskönnun meðal foreldra 2009 - 2010<sup>177</sup>. Að sögn leikskólastjóra voru niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og foreldrafundi. Í kjölfarið var foreldraviðtölum breytt<sup>178</sup>. Samkvæmt leikskólastjóra þá er starfsemi leikskólans metin jafnt og þétt yfir árið á fagfundum, deildarfundum, starfsmannafundum og í foreldraviðtölum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru, að þeirra sögn, ábyrgir fyrir skipulagi, framkvæmd, umbótum og eftirfylgni innra mats<sup>179</sup>.

### 9.1. Mat úttektaraðila

- Innra mat er ekki framkvæmt í leikskólanum á öllum þáttum í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Viðhorfskönnun var gerð meðal foreldra árið 2009 – 2010 og niðurstöður kynntar. Ekki liggja fyrir kannanir á viðhorfi starfsmanna og líðan barna, sjálfsmatsskýrsla leikskólans eða aðgerðaráætlun. Að mati úttektaraðila er innra mat ófullnægjandi og mikilvægt að það verði bætt hið fyrsta.

---

<sup>176</sup> Lög um leikskóla 90/2008,18. gr.

<sup>177</sup> Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildarstjórum og kennurum

<sup>178</sup> Athugasemdir frá leikskólastjóra maí 2012

<sup>179</sup> Greinargerð leikskólastjóra um innra mat

## 10. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

*Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein<sup>180</sup>.*

Skólaárið 2009 – 2010 var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra. Í niðurstöðum hennar kemur fram að mikill meirihluti er sáttur við uppeldisstefnu leikskólans (92%), segjast geta rætt við kennara um hvernig þau geti unnið saman að uppeldi barnsins (96%) og ánægðir með fæði sem leikskólinn býður börnunum (89%). Aðeins um helmingur svarenda (58%) var ánægður með fyrirkomulag foreldraviðtala<sup>181</sup>. Að sögn foreldra er samvinna við foreldra byggð á hefð um störf foreldrafélagsins. Jafnframt tilgreina þeir að ekki sé samvinna um börn þeirra, fremur sé samkomulag milli foreldra og starfsmanna um hvað sé verið að gera. Að þeirra sögn hafa þeir ekkert um fyrirkomulag starfsins að segja og óska eftir auknum áhrifum<sup>182</sup>. Samkvæmt stjórnendum upplifa þeir að sátt ríki milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins. Leikskólinn er í samstarfi við heilsugæsluna, bókasafnið og slökkviliðið í tengslum við heimsóknir barna. Að sögn stjórnenda er góð samvinna þar á milli<sup>183</sup>.

### 10.1. Foreldraráð

*Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið ... Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi<sup>184</sup>.*

Foreldraráð er ekki starfrækt við leikskólann. Að sögn stjórnenda vita þeir ekki til þess að sótt hafi verið um undanþágu vegna þess til sveitarfélagsins.

### 10.2. Foreldrafélag

Við skólann er starfandi foreldrafélag og var það stofnað árið 1982. Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex einstaklingar. Allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrafélagi skólans og borga 300 kr. á mánuði til félagsins. Þeir fjármunir eru m.a. nýttir í ferðasjóð, útskriftarferð barna og fræðslu fyrir foreldra. Samkvæmt fundargerðum félagsins vegna skólaársins 2010 – 2011

<sup>180</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 9. gr.

<sup>181</sup> Leikskólinn Sólvelli: foreldrakönnun 2010, kynning á niðurstöðum 24. mars 2010.

<sup>182</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>183</sup> Fundur með leikskólastjórnendum

<sup>184</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

kom félagið einu sinni saman yfir skólaárið. Á þeim fundi var farið yfir fyrra skólaár, reikninga og bókhald, gjafir frá einkafyrirtækjum til leikskólabarna ásamt þess að ný stjórn var kjörin<sup>185</sup>. Seinasta fundargerð félagsins sem birt hefur verið á vefsíðu skólans er frá 29. september 2010<sup>186</sup>. Á skólaárinu 2010 – 2011 stóð foreldrafélagið fyrir hinum ýmsu viðburðum s.s. skreytingakvöldi, kakóferð, páskaeggjaleit, útskrift elstu barnanna, Sólvallahátíð o.fl. Að sögn foreldra þá sitja fulltrúar foreldrafélagsins sem áheyrnarfulltrúar á fundum fræðslunefndar<sup>187</sup>.

### 10.3. Lýðræði og þátttaka

Að sögn stjórnenda, deildarstjóra, kennara og foreldra er það mismunandi hversu virkir þátttakendur foreldrar eru í skólastarfinu<sup>188</sup>. Samkvæmt foreldrum þá sé erfitt að virkja foreldra sem þátttakendur í skólastarfinu. Þó benda þeir á að ef upplýsingar um skólastarfið væru meiri þá hefði það hugsanlega hvetjandi áhrif á foreldra til þátttöku<sup>189</sup>. Samkvæmt stjórnendum þá fá foreldrar upplýsingar um skólastarfið í gegnum heimasíðu, tölvupóst, upplýsingatöflu og í daglegum samskiptum<sup>190</sup>. Að sögn foreldra fá þeir litlar upplýsingar um skólastarfið og þurfa að ganga á eftir þeim. Engin þeirra foreldra sem rætt var við höfðu fengið tölvupóst frá leikskólanum<sup>191</sup>.

Samkvæmt stjórnendum þá geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri í samskiptum við starfsmenn eða með því að óska eftir fundi. Að sögn foreldra hafa þau greiðan aðgang að því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en skortur sé á hvort tekið sé tillit til þeirra og að foreldrar séu upplýstir um eftirfylgni þeirra. Að sögn stjórnenda og foreldra hafa foreldrar ekki aðkomu að ákvörðunum um skólastarfið<sup>192</sup>.

### 10.4. Samskipti heimilis og leikskólans, grenndarsamfélags

Leikskólinn er líkt og greint var frá hér að framan í samstarfi við Seyðisfjarðarskóla í verkefninu *Brúum bilið* og heilsugæsluna, bókasafnið og slökkviliðið í tengslum við heimsóknir barna. Að sögn stjórnenda og foreldra hefur leikskólinn verið í litlu samstarfi við grenndarsamfélagið og mætti gera betur í þeim efnum<sup>193</sup>.

Leikskólinn hefur gefið út foreldrahandbók, en þar er gerð grein fyrir megináherslum í starfi leikskólans. Veittar hagnýtar upplýsingar um starfið og starfsreglur leikskólans, viðburði og foreldrasamstarf. Einnig er fjallað um markmið leikskólastarfs og aðlögun barna.

185 Fundargerð foreldrafélagsins 29. september 2010

186 Foreldrafélagið af vefsíðu Sólvalla

187 Rýnihópur foreldra

188 Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildarstjórum og kennurum, rýnihópur foreldra

189 Rýnihópur foreldra

190 Fundur með leikskólastjórnendum

191 Rýnihópur foreldra

192 Fundur með leikskólastjórnendum, rýnihópur foreldra

193 Fundur með leikskólastjórnendum, rýnihópur foreldra

Skilaboðaskjóða er á öllum deildum leikskólans í henni koma fram hagnýtar upplýsingar um starfið sem fram fer á deildinni. Gert er grein fyrir helstu áherslum í daglegu starfi deildanna, hagnýtum upplýsingum er viðkoma deildinni og nöfnum starfsmanna og vinnutíma.

Samkvæmt stjórnendum, deildarstjórum og kennurum þá fara samskipti heimilis og leikskólans fram í foreldraviðtölum, með upplýsingum í skilaboðaskjóðu og foreldrahandbók og daglegum samskiptum<sup>194</sup>. Þeir foreldrar sem rætt var við könnuðust ekki við að hafa fengið afhent skilaboðaskjóðu né foreldrahandbók á síðastliðnum árum. Fram kom meðal foreldra óánægja með samskipti við starfsfólk í tengslum við skráningu frídaga barna milli jóla og nýárs<sup>195</sup>.

## 10.5. Mat úttektaraðila

- Foreldraráð er ekki starfrækt við leikskólann, er hann hvattur til að bæta úr því.
- Foreldrafélag leikskólans er virkt og stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum. Fulltrúar foreldrafélagsins sitja jafnframt sem áheyrnarfulltrúar á fundum fræðslunefndar sveitarfélagsins.
- Auka má þátttöku og lýðræði foreldra að ákvarðanatöku um skólastarfið og upplýsa þá betur um eftirfylgni mála. Foreldrahandbók er til í leikskólanum og skilaboðaskjóða inn á deildum með helstu upplýsingum um starfið. Foreldrar segjast ekki upplýstir um foreldrahandbókina.
- Auka má samstarf við grenndarsamfélag leikskólans.

---

<sup>194</sup> Fundur með leikskólastjórnendum, fundur með deildarstjórum og kennurum

<sup>195</sup> Rýnihópur foreldra

## 11. SÉRKENNSLA BARNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS

*Mat á námi á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólalífinu<sup>196</sup>. Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir<sup>197</sup>.*

### 11.1. Sérkennsla barna

Á leikskólanum er áhersla á að börn sem njóta sérkennslu einangrist ekki frá barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Einstaklingsáætlanir eru gerðar í samráði við foreldra og starfsfólks fyrir hvert barn sem þarf á ihlutun að halda. Unnið er eftir áætluninni á deild barnsins. Sérkennari útbýr einstaklingsnámskrár og sér til þess að deildarstjórar hafi greiðan aðgang að þeim. Deildarstjórar og sérkennari koma einnig að fyrstu greiningu ef grunur vaknar um frávík af einhverju tagi. Veittur er stuðningur við börn sem eiga við tímabundna erfiðleika að stríða á meðan beðið er eftir að greining fáiast. Ef grunur vaknar um að barn þarfnist sérkennslu er fylgst með því og í framhaldi eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að fylgja innan ramma leikskólastarfsins.<sup>198</sup>

Helstu ráðgjafar leikskólans eru sérfræðingar hjá Skólaskrifstofu Austurlands og heilbrigðisstofnun Austurlands, s.s. sálfræðingur, talmeinafræðingur, iðjuþjálfari og hjúkrunarfræðingur. Sameiginlegur sérkennari er í leikskólanum og grunnskólanum. Hann starfar 6 tíma á viku við leikskólann og skiptast þeir tímar á þau börn sem á þurfa að halda, auk þess að gefa starfsfólki ráð um þjálfun<sup>199</sup>. Sérkennari kemur oft, að hans sögn, með ábendingar um hvernig vinna megi í hópstarfi með sérkennslugögn og mættu starfsmenn leikskólans auka þjálfun barna er hljóta sérkennslu í daglegu starfi. Að sögn sérkennara hafa verið misbrestir í samskiptum við stjórnendum leikskólans í tengslum við sérkennslu m.a. hafi hann ekki verið boðaður á skilafund með Skólaskrifstofu Austurlands og ókláraðar námsskrár hans hafi verið teknar upp á fundum án samráðs<sup>200</sup>.

### 11.2. Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins

Að sögn stjórnenda og sérkennara er almenn ánægja með þjónustu Skólaskrifstofu Austurlands að undanskildum biðlista fyrir viðtöl við sálfræðing og langri bið eftir

<sup>196</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011:31.

<sup>197</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 21. og 22. gr.

<sup>198</sup> Gögn frá leikskólastjórnendum og sérkennara 8. maí 2012.

<sup>199</sup> Gögn frá leikskólastjórnendum og sérkennara 8. maí 2012.

<sup>200</sup> Fundur með sérkennara 7. maí 2012

greiningu<sup>201</sup>. Að sögn forstöðumanns Skólaskrifstofu Austurlands þykir honum leitt sú bið sem er eftirsérfræðiþjónusta og ráðist hún aðallega á skorti á mannskap. Þó tilgreinir hann að ávallt sé verið að forgangsraða biðlista eftir sérfræðiþjónustu og fá alvarleg mál forgang<sup>202</sup>. Að sögn fulltrúa fræðslunefndar er ekki neikvætt viðhorf til sérkennslu meðal barna, líkt og er í grunnskólanum. Heldur sé fremur litið á sérkennslu sem spennandi<sup>203</sup>.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins er ekki kynnt foreldrum, að sögn stjórnenda, nema börn þeirra þurfi á henni að halda og taka foreldrar undir það. Þó taka stjórnendur fram að foreldrar séu upplýstir um að innan skólans sé til staðar starfsmaður í sérkennslu.<sup>204</sup> Fram kom í rýnihópi foreldra misjafnar skoðanir á aðgengi þeirra og barna sinna að sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Sumir foreldrar hafa þurft að bíða lengi eftir að koma barninu sínu í greiningu, en aðrir hafa komist fljótt að<sup>205</sup>.

Að sögn stjórnenda eru skýrir verkferlar í framhaldi að greiningu. Einstaklingsnámskrá sé gerð ef þess sé þörf ásamt því að greining og viðbrögð við henni sé kynnt fyrir starfsmönnum deildarinnar og foreldrum. Samkvæmt stjórnendum muna þeir ekki eftir að skólinn hafi fengið ráðgjöf um skólastarf frá sérfræðingum utan skólans<sup>206</sup>.

### 11.3. Mat úttektaraðila

- Aðgangur leikskólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélags. Sérkennari útbýr einstaklingsáætlanir í samráði við foreldra og starfsfólk fyrir þá sem þurfa á íhlutun að halda. Sameiginlegur sérkennari er í leik- og grunnskólanum og hefur því ágætis yfirsýn yfir málefni barnanna.
- Að mati úttektaraðila er mikilvægt að stjórnendur leikskólans finni leiðir til að auka og bæta samstarf við sérkennara, en nokkur mál hafa komið upp á í leikskólanum sem kallar á aukna samvinnu, t.d. í tengslum við námskrárgerð og skilafundi.
- Almenn ánægja er með sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins, að undanskildum biðlista fyrir viðtöl við sálfræðing og langri bið eftir greiningu. Kynna má betur fyrir foreldrum þá sérfræðiþjónustu sem er í boði. Ekki liggja fyrir kannanir um ánægju með sérkennsluna og má að mati úttektaraðila bæta þar úr.

201 Fundur með sérkennara, fundur með leikskólastjórnendum

202 Fundur með fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar

203 Fundur með fulltrúum fræðslunefndar

204 Fundur með leikskólastjórnendum, rýnihópur foreldra

205 Rýnihópur foreldra

206 Fundur með leikskólastjórnendum



## 12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

---

*Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi<sup>207</sup>.*

Áhersluatriði sveitarfélagsins í ytra mati eru að stjórnendur skóla komi að fjárhagsáætlun, standist fjárhagsáætlun og skili starfsáætlun. Einnig hefur sveitarfélagið lagt áherslu á að gera umgjörð mats einfaldari svo auðveldara sé að leggja mat á starfsemi skóla. En fram að þessu hefur ekki verið lagt fyrir ytra mat og leikskólinn ekki skilað starfsáætlun eða ársskýrslu.<sup>208</sup> Almennt hefur rekstur leikskólans gengið vel að undanskildu að hann hefur ekki staðist fjárhagsáætlanir. Sveitarfélagið hefur því aukið ábyrgð stjórnenda leikskólans í þeim efnum. Ekki er samstarf við önnur sveitarfélög um skóla<sup>209</sup>.

### 12.1. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn hefur ekki skilað inn skriflegri starfsáætlun eða ársskýrslu. Ytra mat er ekki framkvæmt í leikskólanum í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Að mati úttektaraðila er ytra mat ófullnægjandi og mikilvægt að það verði bætt hið fyrsta.

---

<sup>207</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 19.gr.

<sup>208</sup> Fundur með fulltrúum fræðslunefndar sveitarfélagsins

<sup>209</sup> Fundur með fulltrúum fræðslunefndar, fundur með fulltrúum Skólaskrifstofu Austurland og bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar

## 13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Sólvöllum. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, börn, foreldrar og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

### 13.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Hugmyndafræði, stefna og áhersluþættir leikskólans eru skráðir og skólastefna sveitarfélagsins liggur fyrir.	Stefna leikskólans og skólanámskrá taka ekki mið af nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011. Einnig hefur skólanámskrá ekki verið kláruð að fullu.
Húsnæði og aðbúnaður góður.	Ýmsar hagræðingaraðgerðir hafa haft áhrif á leikskólastarfið, dregið hefur úr endurmenntun, opnunartími skertur og undirbúningstími starfsmanna minni.
Nokkuð virk fræðslunefnd.	Nokkur óánægja er með skólalóð og aðbúnað barnanna inn á deildum. Hámarksfjöldi barna er inni á yngstu deild.
Verkferlar inn á deildum nokkuð skýrir	Skortur er á að áætlanir séu skriflegar á leikskólanum (s.s. rýmingar- og móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna). Brunaæfingar ekki haldnar með börnunum.
Almenn sátt er um stjórnun leikskólans í dag og samskipti stjórnenda og starfsmanna. Gott aðgengi er að stjórnendum.	Sameining leik- og grunnskólans gekk ekki sem skyldi og almenn óánægja var með allan undirbúning, stjórnun og eftirfylgni.
Tengsl milli skólastiga er góð og unnið er að verkefni með skólahóp að forskrift annars leikskóla. Gott samstarf við tónlistarskóla og elstu börnin sækja sundnámskeið.	Ekki mikil aðkoma almennra starfsmanna að stjórnun skólastarfsins. Þeir telja að ákveðin stéttaskipting ríki innan leikskólans.
Starfsmannastefna er til í leikskólanum, en kynna þarf hana betur fyrir starfsfólki	Vantar innra og ytra mat á leikskólanum. Starfsáætlun, ársskýrsla og sjálfsmatsskýrsla liggja ekki fyrir. Starfsmannahandbók hefur ekki verið kynnt.
Fundur og boðskipti eru með ágætum og starfsmannasamtöl tekin við allt starfsfólk.	Ekki liggur fyrir skriflegt og samræmt ferli um móttöku nýrra starfsmanna.

Jákvæður starfsandi.	
Leiðbeiningar um aðlögun barna eru til skriflegar og þær endurskoðaðar.	Skortur er á upplýsingaflæði og boðskiptum á milli funda.
Skólahópur leikskólans er í samstarfi við grunnskólann um Olweusarverkefni.	Lítill endurmenntun starfsfólks, ekki til skrifleg sámenntunaráætlun.
Áhugi innan leikskólans að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli.	Námsmarkmið ekki til. Skortur er á skriflegri samræmdri agastefnu.
Vel er staðið að heilbrigði og velferð, börnin eru frædd um náttúruna og umhverfið og áhersla er lögð á markvissa málörvun	Vægi frjálsa leiksins er að sögn starfsmanna og foreldra of mikið og ekki byggt á uppeldis-eða kennsluháttum. Þarf að tengja betur saman við stefnu og markmið.
Fjölbreyttar upptakur foreldrafélags.	Vantar stefnu í vali á leikefni og efnivið.
Góð sérfræðipjónusta sveitarfélagsins.	Lítill aðkoma barna að ákvarðanatöku innan leikskólans.
	Eineltis og jafnréttisáætlun liggja ekki fyrir. Eineltismál hafa komið upp og nokkur óánægja með viðbrögð skólans.
	Foreldraráð ekki starfrækt.
	Ekki mikil þátttaka og lýðræði foreldra að ákvarðanatöku um skólastarfið
	Ekki nægilegt samstarf stjórnenda og sérkennara
	Bilaðar tölvur á leikskólanum

### 13.2. Ógnanir og tækifæri

Ógnir	Tækifæri
Fjárhagsleg ógn og frekari niðurskurður.	Endurskoðuð skólanámskrá.
	Þróunarverkefni. Heilsutenging, hreyfipjálfun og umhverfið.
	Aukin samvinna við grenndarsamfélagið.

### 13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

#### 13.3.1 Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélagsins

- Sveitarfélagið tryggi að **ytra mat** og sjálfsmat fari fram og leikskólinn skili ársskýrslu.
- Finna leiðir til að koma í veg fyrir frekari **niðurskurð** í leikskólanum til að tryggja faglegt starf, endurmenntun kennara og að hann fái svigrúm til að endurskoða **skólanámskrá**.
- Fylgi eftir að leikskólinn geri áætlanir s.s. eineltisáætlun, rýmingaráætlun, móttökuáætlanir o.fl.
- Tryggja þarf edlilegt eftirlit með **húsnæði** og **skólalóð**.
- Auka má **samvinnu** og samráð fulltrúa sveitarfélagsins við leikskólann t.d. með heimsóknum.
- Ef sveitarfélagið íhugar að endurskoða ákvörðun sína og **sameina** leik- og grunnskóla er mikilvægt að ferlið sé vel búið með aðkomu allra hagsmunaaðila.

#### 13.3.2. Tillögur til úrbóta á starfi skólans

- Endurskoða þarf stefnu skólans svo og gera **skólanámskrá** út frá aðalnámskrá 2011, lögum og reglugerðum með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins.
- Auka þarf **aðkomu** almennra starfsmanna að skólastarfinu og koma í veg fyrir stéttaskiptingu.
- Framkvæma þarf **innra** mat á leikskólanum.
- Gera þarf skriflegar skýrslur, **áætlanir og verkferla** s.s. starfsáætlun, ársskýrslu, sjálfsmatsskýrslu, eineltisáætlun, rýmingaráætlun, móttökuáætlanir, agastefnu o.fl.
- Útbúa þarf **símenntunaráætlun** og stefnu í uppeldis- og kennsluháttum.
- Auka þarf aðkomu barna að **ákvarðanatöku** innan leikskólans.
- Stofna þarf **foreldraráð** samkv. lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Auka þarf **lýðræði** og þáttöku foreldra í skólastarfinu.
- Laga má **tölvur** á leikskólanum, eða skipta þeim út fyrir nýjar.
- Bæta má **samstarf** stjórnenda og sérkennara.

## HEIMILDIR

---

- Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík.
- Deildanámskrá Dvergsteins. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Foreldrafélagið af vefsíðu Sólvalla. Sótt 15. maí 2012 af <http://www.leikskolinn.is/solvelli/>
- Foreldrahandbók Sólvalla. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Fundargerð foreldrafélagsins, 29. september 2010. Sótt 15. maí 2012 af <http://www.leikskolinn.is/solvelli/>
- Fundargerðir bæjarráðs, 4. júní, 23. júní og 2. júlí 2008. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Gagnalisti. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Greinargerðir leikskólastjórnenda. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Heilsueflandi skóli af vef. Lýðheilsustöðvar. Sótt 15. maí 2012 af <http://www2.lydheilsustod.is/heilsueflandiskoli>
- Leikskólinn Sólvelli. Foreldrakönnun. kynning á niðurstöðum 24. mars 2010. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Leikskólinn Sólvelli. Starfsmannasamtal mars 2010. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Jafnréttisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar. e.d. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf. *Lög um leikskóla nr.90/2008*
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009
- Rýmingar- og viðbragðsáætlun. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Saga skólans. e.d. Sótt 15. maí 2012 af <http://www.leikskolinn.is/solvelli/>
- Skilaboðaskjóða Álfról. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Skilaboðaskjóða Vinaminnis. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Skólanámskrá Sólvalla. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Skóla- og uppeldisstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Starfsfólk skólans. Sótt 15. maí 2012 af <http://www.leikskolinn.is/solvelli/>
- Starfslýsingar. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Starfsmannahandbók. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Starfsmannalisti. rekstrartölur og samantekt úr starfsmannaskrá. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Starfsmannastefna leikskólans Sólvalla. 2011. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Stundaskrá deilda af vefsíðu Sólvalla. Sótt 15. maí 2012 af <http://www.leikskolinn.is/solvelli/> ; <http://www.leikskolinn.is/solvelli/> ; <http://www.leikskolinn.is/solvelli/> ;
- Viðbragðsáætlun. Gögn send Attentus – mannaði og ráðgjöf.
- Ýmsar lykiltölur úr skólastarfinu af vefsíðu Sólvalla. Sótt 15. maí 2012 af <http://www.leikskolinn.is/solvelli/>